

Spurningar og svör vegna frummatsskýrslu

Þær spurningar sem borist hafa vegna frummatsskýrslunnar eru að jafnaði birtar opinberlega á upplýsingasíðunni um markaðsrannsóknina um leið og Samkeppniseftirlitið hefur svarað þeim. Í þessu skjali má því sjá þær spurningar sem borist hafa, svör Samkeppniseftirlitsins við þeim og hvaða mánaðardag svörin voru birt.

Samkeppniseftirlitið þakkar þann áhuga sem fyrirspyrjendur hafa sýnt efni skýrslunnar.

Í þeim tilfellum þar sem óskað hefur verið eftir niðurstöðum tölfræðilegra greininga þá hafa útreikningarnir verið rýndir og framkvæmdir aftur. Í nokkrum tilfellum hafa niðurstöðurnar breyst og er samantekt á áhrifum þeirra hér á eftir :

- Kafli 6.2.2
 - Verð fyrir Ísland var rangt í OECD samanburði á myndum 35 og 40 til 43. Jafnframt byggði aðhvarfsgreining sem vísað er í á bls. 180 á sömu gögnum. Myndirnar og aðhvarfsgreiningin hafa verið uppfærðar (sjá svör við spurningum 18 og 27).
 - Ekki er talið að fyrrgreint hafi áhrif á þær ályktanir sem dregnar eru í kafla 6.2.3.
- Kafli 6.3.2
 - Á myndum 49 og 50 er heildsöluálagning vanmetin um 0,36 krónur. Metin álagning vegna fákeppni og annarra ástæðna á myndum 49 og 50 ætti því að lækka um 0,36 krónur að öllu öðru óbreyttu (sjá svar við spurningu 8).
 - Á myndum 49-52 er smásöluverð á Íslandi að teknu tilliti til afsláttá m.a. borið saman við smásöluálagningu (e. gross margin) sjálfstæðra smásala í Bretlandi. Réttara hefði verið að bera smásöluverð á Íslandi við smásöluálagningu að teknu tilliti til afsláttá og því er metna álagning vegna fákeppni og annarra ástæðna á myndum 49-52 að öllum líkindum vanáætluð (sjá svar við spurningu 12).
 - Ekki er talið að fyrrgreint hafi áhrif á þær ályktanir sem dregnar eru í kafla 6.3.4 að öðru leyti en því að mögulegt er að sú viðbótarálagning sem metin er í kafla 6.3.2 og 6.3.3 sé vanmetin.
- Kafli 7.1.1
 - Tölulegar niðurstöður sem varða samanburð á álagning á föstu verðlagi fyrir og eftir að olíufélögin hófu að bjóða upp á sama verð um allt land hafa breyst. Í stað þess að niðurstöðurnar bendi til þess að álagning á eldsneyti í Reykjavík hafi ekki breyst eftir að þessi stefna var innleidd þá benda þær til þess að álagning í Reykjavík hafi lækkað.
 - Mögulegt er þó að í þessum samanburði hafi eitt ár, fyrir og eftir að félögin fóru að bjóða upp á eitt verð á landinu, verið of langt tímabil. Meginástæða þess, eins og bent er á bls. 236 í frummatsskýrslunni, er sú að á árinu 2009 var álagning í sögulegu hámarki. Gæti það leitt til þess að meðaltalsálagning eitt ár fyrir þennan atburð sé ekki ákjósanlegt tímabil til samanburðar (sjá svar við spurningu 25).
- Kafli 7.2.3 og viðauki C.2.
 - Niðurstöður greininga á því hvort tiltekin olíufélög hefðu frumkvæði að verðbreytingum á dísilolíu breyttust í tilfelli lækkana (sjá töflu 8 í viðauka C.2). Breytingarnar hafa afleidd áhrif á töflu 44 í frummatsskýrslunni en þær ályktanir sem dregnar eru af þeim upplýsingum sem fram koma í töflunni breyta ekki niðurstöðu í kafla 7.2.3 í frummatsskýrslunni (sjá svar við spurning 26).

Beðist er velvirðingar á fyrrgreindum mistökum. Nýir útreikningar breyta þó ekki meginniðurstöðum skýrslunnar.

Dags. 22.12.2015

Spurning 1

Eiga myndir 47 og 48 að vera nákvæmlega eins?

Svar: Nei, mistök áttu sér stað við uppsetningu á skýrslunni. Réttu myndinni hefur nú verið bætt inn í skýrsluna (mynd númer 48). Uppfærða skýrslu má finna á upplýsingasíðunni um markaðsrannsóknina.

Spurning 2

Eiga myndir 60 og 62 að vera nákvæmlega eins?

Svar: Nei, mistök áttu sér stað við uppsetningu á skýrslunni. Réttu myndinni hefur nú verið bætt inn í skýrsluna (mynd númer 60). Uppfærða skýrslu má finna á upplýsingasíðunni um markaðsrannsóknina.

Spurning 3

Hvaða heildsala á skosku Suðureyjunum (e. Outer Hebrides) er vitnað í á blaðsíðu 190 í skýrslunni?

Svar: Vísað er í fyrirtækið Certas en nánari umfjöllun um sátt breskra samkeppnisyfirvalda og Certas má finna á eftirfarandi vefslóð: <https://www.gov.uk/government/news/cma-accepts-commitments-to-improve-access-to-road-fuels-market-in-the-western-isles>

Spurning 4

Í kafla 6.3.2. er fjallað um smásöluverð bensíns, án skatta og annarra opinberra gjalda. Í samanburði við reiknaða viðbótarálagningu, er miðað við verð á dælu á Íslandi 2012 eða nettó söluverð að teknu tilliti til afslátta?

Svar:

Á myndum 49 til 52 er miðað við smásöluverð (verð á dælu) í Reykjavík að teknu tilliti til afslátta.

Dags. 22.1.2016

Spurning 5

Í kafla 6.3.3, 2. tölulið kemur fram að smásöluálagning sjálfstæðra smásala í Bretlandi á verðlagi ársins 2014 sé notuð sem nálgun á hver smásöluálagning gæti verið hér á landi.

- a. Hvaða fyrirtæki eru flokkuð sem sjálfstæðir smásalar í Bretlandi sem liggja að baki nálgunar á því hver smásöluálagning gæti verið á Íslandi?
- b. Hvaða tölulegu gögn liggja að baki álagningar sjálfstæðra smásala í Bretlandi sem notuð er sem nálgun á smásöluálagningu á Íslandi?

Svar:

- a. Í skýrslu Office of Fair Trading frá árinu 2013, *UK petrol and diesel sector*, er eldsneytismarkaðnum þar í landi skipt í þrjá meginflokka.
 - i. *Eldsneytisstöðvar í eigu olíufélaga sem framleiða hráolíu*, s.s. Shell, BP, ESSO eða Murco. Stöðin getur verið rekin af olíufélaginu sjálfu („company owned company operated“, COCO) eða þá af eldsneytissala („company owned dealer operated“, CODO). Í báðum tilfellum útvegar olíufélagið vörumerkið en í tilfalli COCO tekur olíufélagið verðákvarðanir á meðan í tilfalli CODO tekur viðkomandi eldsneytissali að öllu jöfnu verðákvarðanir.
 - ii. *Sjálfstæðir smásalar eiga (eða leigja) eldsneytisstöðvarnar og lóðina sem hún er á („dealer owned, dealer operated“ eða DODO)*. Stærð þessara eldsneytissala er mjög mismunandi, sumir eiga aðeins eina eldsneytisstöð á meðan aðrir eldsneytissalar eiga keðju eldsneytisstöðva.
 - iii. *Matvöruverslanir sem einnig selja eldsneyti eiga (eða leigja) eldsneytisstöðvarnar og reka þær*, s.s. eins og sjálfstæðir smásalar. Matvöruverslanir í Bretlandi sem selja eldsneyti eru t.d. Tesco, Asda, Sainsbury's og Morrison.

Þegar fjallað er um sjálfstæða smásala í Bretlandi í skýrslu Samkeppniseftirlitsins er átt við flokk ii.

- b. Álagning (e. gross margin) sjálfstæðra smásala í Bretlandi á árinu 2012, skv. skýrslu breskra samkeppnisyfirvalda frá árinu 2013, er á milli 1,5-5 pens. Jafnframt kemur fram í skýrslunni að skv. upplýsingum frá sjálfstæðum smásölum þá þurfi þeir á milli 4-6 pens-a brúttóálagningu (e. gross margin) til þess að standa straum af þeim kostnaði sem til fellur við sölu eldsneytis og skila viðunandi afkomu. Í skýrslu Samkeppniseftirlitsins er miðað við efri mörk fyrrgreindra talna, eða 6 pens-a brúttóálagningu fyrir hvern seldan lítra á árinu 2012.

Nánari upplýsingar má finna í sjálfri skýrslunni á bls. 42-44. Sjá hér:

http://webarchive.nationalarchives.gov.uk/20140402142426/http://www.oft.gov.uk/shared_ofm/markets-work/oft1475.pdf

Dags. 8.2.2016

Spurning 6

Á bls. 82 kemur fram: „Olíunotkun innlendra fiskiskipa hefur minnkað verulega í tonnum talið frá miðjum tíunda áratugnum, en á móti vegur að um svipað leyti fékkst heimild til að selja erlendum fiskiskipum olíu.“ Við hvað er átt þegar sagt er að um svipað leiti hafi fengist leyfi til að selja erlendum skipum olíu?

Svar: Átt er við að á sama tíma og olíunotkun innlendra fiskiskipa hafi minnkað í tonnum talið þá hafi möguleikar starfandi fyrirtækja, til þess að selja skipum olíu, aukist þar sem stjórnvöld heimiluðu olíufélögunum að selja erlendum fiskiskipum olíur. Eins og fram kemur í kafla 2.1.2 áttu sér stað grundvallar breytingar á umgjörð olíumarkaðarins með aðgerðum stjórnvalda sem miðuðu að því að efla viðskiptafrelsi og samkeppni.


Spurning 7

Í ályktunum á bls. 217 er bent á að ekki sé að sjá að félögin hafi kerfisbundið skilað umframarðsemi árin 2001-2014. Þá sé veruleg fylgni á milli veikingar ISK og betri arðsemi og ályktað sem svo að það sé til stuðnings öðrum vísbendingum um að samkeppnishamlandi samhæfð hegðun ríki á markaðnum. Framar í skýrslunni á bls. 212 segir að fylgnistuðullinn milli arðsemi og gengis USD hafi verið 0,56 fyrir allt tímabilið, en ekki er tilgreint nánar um gerð líkana og tegund fylgnistuðuls. Það eru engin öryggismörk gefin upp eða aðrir mælikvarðar birtir og því er erfitt að fullyrða um áreiðanleika þessarar niðurstöðu. Óskað er eftir gögnum og niðurstöðum tölfræðilegra útreikninga sem að baki liggja.

Svar: Útreikningarnir byggja á veginni arðsemi á markaðnum árin 2001 til 2014 og breytinga á meðtali miðgengis bandaríkjadollars og íslensku krónunnar fyrir sama tímabil. Því er t.d. pöruð saman arðsemi árið 2001 og breyting á meðalgengi árána 2000 og 2001. Sjá gögn hér að neðan.

Ár	Vegin arðsemi	Breyting ISK/USD	Ár	Miðgengi ISD/USD	Breyting
2001	21,1%	23,9%	2000	78,9	
2002	9,9%	-6,4%	2001	97,76	23,9%
2003	9,2%	-16,1%	2002	91,46	-6,4%
2004	9,8%	-8,7%	2003	76,76	-16,1%
2005	10,3%	-10,4%	2004	70,12	-8,7%
2006	10,3%	11,0%	2005	62,86	-10,4%
2007	13,3%	-8,3%	2006	69,78	11,0%
2008	19,7%	37,6%	2007	64,02	-8,3%
2009	12,2%	40,3%	2008	88,07	37,6%
2010	-1,7%	-1,3%	2009	123,59	40,3%
2011	8,8%	-4,9%	2010	122,04	-1,3%
2012	9,0%	7,7%	2011	116,07	-4,9%
2013	8,3%	-2,3%	2012	125,05	7,7%
2014	8,1%	-4,5%	2013	122,23	-2,3%
			2014	116,75	-4,5%

Hér fyrir neðan má svo sjá punktarit þar sem breyting á ISK/USD er á x-ás og vegin arðsemi á y-ás.



Þegar reiknuð er fylgni (Pearson fylgnistuðullinn) á milli veginnar arðsemi og breytinga á gengi ISK/USD fyrir allt tímabilið (2001-2014) þá mælist hún 0,56.

Hægt er að meta það hvort mæld fylgni er marktækt frábrugðin frá núlli með því að bera saman reiknað t-gildi við krítískt gildi. Ef reiknaða t-gildið er hærra en krítíska gildið má álykta sem svo að fylgnin sé marktækt frábrugðin núlli. Í þessu tilfalli er reiknaða t-gildið 2,33 og krítíska gildið 2,15 (m.v. 5% marktækni og 14 mælingar). Leiðir það til þess að hægt er að draga þá ályktun að fylgnin á milli veginnar arðsemi og breytinga á gengi ISK/USD sé marktækt frábrugðin núlli.

Spurning 8

Á bls. 189 kemur fram: „Á myndum 49 og 50 má sjá hvert eldsneytisverð á höfuðborgarsvæðinu hefði verið á árinu 2012 ef heildsöluálagning væri sú sama og á Bretlandi (0,04 krónur á hvern lítra) og smásöluálagning væri hin sama og hjá sjálfstæðum smásölum á Bretlandi (11,89 krónur á hvern lítra), en álagningin hjá þeim er að jafnaði sú hæsta þar í landi enda búa þeir ekki við sömu stærðarhagkvæmni og aðrir.“

Á bls. 41 í skýrslunni UK petrol and diesel sector 2013, kafli. 3.35 stendur: „One major wholesaler told us that they make a net margin of around 0.1p per litre of fuel sold, while another told us that they have made a net group margin of 0.2p per litre in 2011/12.“

Með hliðsjón af framangreindu:

- Hvernig eru heildsalar skilgreindir.
- Hvernig er heildsöluálagning (gross margin) á Bretlandi skilgreind?
- Hvernig er heildsöluálagning (net margin) á Bretlandi skilgreind?
- Hvaða tölulegu gögn liggja að baki útreiknum heildsöluálagningar í Bretlandi sem notuð er sem nálgun á mögulega heildsöluálagningu á Íslandi?

Svar:

- Notast er við sambærilega skilgreiningu á heildsölum og í skýrslu OFT frá árin 2013, sjá bls. 39-40. Þar er heildsali skilgreindur sem fyrirtæki sem selur smásala eldsneyti, óháð því hvort smásalinn er í eigu (eða hluti af) heildsalanum, eða öðrum millilið sem svo áframselur eldsneytið til smásala. Í Bretlandi er heildsölum skipt í nokkra flokka:

- i. Innlendar olíuhreinsistöðvar sem selja eldsneyti beint til smásala, s.s. matvöruverslana, sem geta keypt það mikið magn að hagkvæmt er fyrir þá að kaupa eldsneytið „ex-rack“.¹
 - ii. Heildsalar (s.s. Mabanaft, Prax Petroleum eða World Fuel Services) sem flytja inn eldsneyti eða kaupa það af olíuhreinsistöðvum og selja það í framhaldinu til smásala eða annarra heildsala.
 - iii. Svokallaðir „blenders“ (s.s. Greenergy og Harvest Energy) sem kaupa eldsneyti sem ekki er búið að fullvinna frá erlendum aðilum eða breskum olíuhreinsistöðvum og ljúka við vinnsluna sjálfir.
 - iv. Olíufélög (t.d. Shell) sem framleiða olíuvörur, koma að rekstri eldsneytisstöðva undir merkjum olíufélagins og eru í raun heildsalar smásalans, t.d. ef smásalanum er skylt að kaupa eldsneytið af viðkomandi olíufélagi. Til dæmis Shell eldsneytisstöð sem rekin er af þriðja aðila („company owned dealer operated“, CODO) og kaupir allt sitt eldsneyti af Shell í heildsölu.
- b. „Gross margin“ á heildsölustiginu er skilgreind sem mismunur á sölu- og kaupverði. Ekki er því hægt að líta á „gross margin“ sem mælikvarða á hagnað heildsalanna heldur frekar það svigrúm sem heildsalinn hefur til þess að standa straum af öllum þeim kostnaði sem til fellur, s.s. geymslu eldsneytis og dreifingar eldsneytis (í mörgum tilfellum), vegna sölu vörunnar auk þess að skila hagnaði til eigenda.
- Í skýrslu Wood Maxkenzie (2013)² má finna eftirfarandi skilgreiningu á „wholesale margin“ í Bretlandi: *„wholesale element covers the value uplift obtained in terms of realised prices between the refinery and oil storage/ delivery terminal and, in many cases, onward delivery to either the retail forecourt or into commercial customer own storage.“*
- c. Í skýrslu OFT frá árinu 2013 er „net margin“ ekki skilgreind en ætla má að það sé álagningin á lítra að teknu tilliti til þess kostnaðar sem til fellur við sölu vörunnar, s.s. dreifingar og birgðahalds.
- Í skýrslu Wood Maxkenzie (2013) má finna eftirfarandi lýsingu á muninum á „Gross margin“ og „Net Cash Margin“:
- „Each part of the value chain is characterised by certain direct costs, plus other non-direct or shared costs that are attributed to it. These costs are deducted from the relevant gross margins to arrive at a net cash margin, i.e. before any further deduction for asset depreciation, interest charges/ provisions or other non-cash costs.“*
- Af því má draga þá ályktun að með „net margin“ í skýrslu OFT sé vísað til þeirrar álagningar á lítra sem heildsalar hafa til þess standa straum af kostnaði s.s. vegna afskrifta, vaxtaberandi skulda og liða sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi.
- d. Notast er við þær tölur um „net margin“ sem finna má á bls. 41 í skýrslu OFT frá árinu 2013. Þar kemur fram að þær upplýsingar sem eftirlitið hefði fengið frá tveimur heildsölum hefðu bent til þess að einn heildsali hefði verið með „net margin“ sem samsvaraði 0,1 pence á lítra á

¹ Þegar eldsneyti er keypt „ex-rack“ sækir kaupandi eldsneytið til birgðatanka heildsalans á olíuflutningabifreiðum.

²

https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/69757/1_20091214104502_e_____ukdownstreamoilinfrastructurewoodmackenzie.pdf

meðan annar hefði 0,2 pence á lítra. Miðað var við efri mörkin í samanburðinum, þ.e. 0,2 pence á lítra.

Á árinu 2012 var miðgengi ISK/GBP 198,64. Miðað við áætlaða „net margin“ sem samsvarar 0,2 pence á lítra þá hefði þessi tala með réttu átt að vera 0,40 krónur, ekki 0,04 krónur á lítra. Hér er því um mistök að ræða sem munu verða leiðrétt. Metin álagning vegna fákeppni og annarra ástæðna á myndum 49 og 50 ætti því að lækka um 0,36 krónur að öllu öðru óbreyttu.

Spurning 9

Á myndum 51 og 52 er vísað í heildsöluálagningu á skosku Outer Hebrides eyjunum þar sem vísað er í skýrslu OFT „UK petrol and diesel sector“ (2013 bls. 41 og 43). Í þeirri skýrslu er ekki að finna neinar tölur um álagningu á skosku eyjunum. Hvar er hægt að finna fyrrgreindar tölur?

Svar: Á bls. 18 í skýrslu OFT frá árinu 2013 er vísað í skýrslu OFT frá árinu 2012, *Petrol and diesel pricing on the Scottish Islands*, en í viðauka með henni má finna tölur um álagningu (gross margin) á völdum eyjum fyrir utan Skotland; Shetland, Orkney, Western Isles (Lewis), Western Isles (South Uist), Skye og Arran. Miðað var við heildsöluálagningu á Western Isles (South Uist) en hún var sú hæsta í tilfelli bensíns (6,4 pence á lítra) og sú næsthæsta (5,0 pence á lítra) í tilfelli dísilolíu.

Þegar áætluð heildsöluálagningin á skosku eyjunum er reiknuð út er kostnaður vegna dreifingar og birgðahalds í Reykjavík dreginn frá uppgefni álagningunni á skosku eyjunum. Ástæða þess er sú að öllu jöfnu er kostnaðar vegna dreifingar og birgðahalds inn í álaginu á heildsölustiginu (sjá nánari í svörum við spurningu 7).

Útreikningar vegna heildsöluálagningarinnar á skosku eyjunum má því skýra út á eftirfarandi hátt:

Heildsöluálagning á skosku eyjunum (bensín) = (Heildsöluálagning úr skýrslu OFT x gengi) – kostnaður vegna dreifingar og birgðahalds í Reykjavík = $(0,064 * 198,16) - 2,57 = 10,11$ kr/ltr

Heildsöluálagning á skosku eyjunum (dísilolíu) = (Heildsöluálagning úr skýrslu OFT x gengi) – kostnaður vegna dreifingar og birgðahalds í Reykjavík = $(0,05 * 198,16) - 2,87 = 7,03$ kr/ltr

Spurning 10

Á bls. 189 kemur fram að kostnaður við dreifingu og birgðahald í Reykjavík byggir á rauntölum frá íslensku olúfélögunum fyrir árið 2012. Þessar niðurstöður eru síðan notaðar til að reikna út álagningu á bensín og díselolíu m.v. árið 2012.

Óskað er eftir sundurliðun á kostnaði við birgðahald annarsvegar og dreifingu hinsvegar, fyrir bensín og díselolíu sbr. myndir 49-52 í frummatsskýrslu, niður á einstaka kostnaðarliði, svo sem almennan rekstur, afskriftir, fjármagnskostnað, rýrnun o.sv.frv.

Svar: Í bréfum sem send voru starfandi fyrirtækjum í upphafi rannsóknarinnar (6. júní 2013) var m.a. óskað eftir upplýsingum um kostnaðarsamsetningu hvers selds lítra, fyrir bensín og dísilolíu á árinu 2012 á 15 stöðum á landinu (m.a. Reykjavík). Óskað var eftir því að kostnaður vegna hvers selds lítra væri sundurliðaður eftir:

- innkaupsverði,
- flutningum til Íslands,
- forflutningum eldsneytis innanlands,
- birgðageymslu,
- dreifingar.

Áætlaður kostnaður vegna birgðahalds og dreifingar í Reykjavík er því samtala uppgefins kostnaðar vegna dreifingar og birgðahalds hvers félags, veginn með markaðshlutdeild þess á höfuðborgarsvæðinu. Ekki var óskað eftir nánari sundurgreiningu á kostnaðinum og því hefur Samkeppniseftirlitið þær upplýsingar ekki undir höndum

Til upplýsinga þá skilgreindi eitt félagið nánar hvaða kostnaðarliðir voru taldir með vegna birgðahalds og dreifingar. Í tilfalli birgðahalds var kostnaður vegna hvers selds lítra fundinn með því að dreifa heildarkostnaði á þá lítra sem seldir voru í gegnum viðkomandi stöð. Innifalinn var húsnæðiskostnaður, húsaleiga, laun, tölvukostnaður, tryggingar, tjón, afskriftir og áætlaður stjórnunarkostnaður. Í tilfalli dreifingar var dreifingarkostnaður á hvern seldan lítra nálgæður út frá launakostnaði og áætluðum rekstrarkostnaði hvernar bifreiðar (eldsneyti, afskriftir, stjórnunarkostnaður og helstu rekstrarliðum). Kostnaður við hvern lítra var svo fundinn út frá árlegum meðal fjölda afhentra lítra af hverri bifreið.

Spurning 11

Er einhver ástæða fyrir því að gert er ráð fyrir því að smásöluálagning á bensín og dísilolíu sé sú sama á myndum 49 til 52.

Svar: Meginaástæðan fyrir því var sú að ekki reyndist unnt að afla upplýsinga um mismunandi smásöluálagningu fyrir bensín og dísilolíu í Bretlandi fyrir árið 2012. Jafnframt var enginn greinarmunur gerður á því hvort um væri að ræða bensín eða dísilolíu þegar verið var að fjalla almennt um álagningu smásala og heildsala í skýrslu OFT, sbr. álagningu sjálfstæðra smásala eða álagningu heildsala.

Út frá þeim tölum sem koma fram í skýrslu OFT (2013) er þó hægt að reikna út heildarálagningu (gross margin)³ í Bretlandi á árinu 2012 fyrir bæði heildsölu- og smásölustig. Á árinu 2012 reyndist hún vera töluvert hærri fyrir dísilolíu en bensín en í tilfalli bensíns var hún um 7,1 pence fyrir hvern seldan lítra á meðan hún var 8,7 pence fyrir hvern seldan lítra af dísilolíu. Umreiknað yfir í íslenskar krónur þá var hún um 14 krónur á lítra í tilfalli bensíns og um 17 krónur á lítra í tilfalli dísilolíu.

Í skýrslu Wood Maxkenzie (2013), sem fjallar einnig um breska eldsneytismarkaðinn, má finna greiningu á meðaltali smásölu- og heildsöluálagningar fyrir árin 2005-2008. Í tilfalli 95 oktana bensíns er heildsöluálagning (gross wholesale margin) metin um 1 pence á meðan smásöluálagningin (gross retail margin) er um 5 pence og í tilfalli dísilolíu er heildsöluálagningin tæplega 2 pence á meðan smásöluálagningin er tæplega 4 pence.

³ Sjá skilgreiningu í spurningu 8.

Spurning 12

Á myndum 49 til 52 er m.a. smásöluálagning sjálfstæðra smásala í Bretlandi borin saman við smásöluverð á Íslandi að teknu tilliti til afslátta. Samkvæmt skilgreiningu í skýrslu OFT er „gross margin“ skilgreind sem mismunur á útsöluverði (dæluverði) og innkaupsverði smásalans (útsöluverði heildsalans). Skilar samanburður við smásöluverði á Íslandi, að teknu tilliti til afslátta, réttum niðurstöðum í ljósi þess?

Svar: Í skýrslu OFT frá árinu 2013 er miðað við dæluverð þegar „gross margin“ er skilgreind, þ.e. að sú álagning þurfi að dekkja m.a. afslætti frá dæluverði. Miðað við fyrrgreint má færa rök fyrir því að sú óútskýrða álagning sem reiknuð er út í skýrslunni sé vanáætluð um allt að þá upphæð sem nemi afslættinum, að því gefnu að afsláttarkjör á Íslandi séu áþekk afsláttarkjörnum í Bretlandi.

Spurning 13

Í kafla 6.3.3 er álagning á bifreiðaeldsneyti á Íslandi borin saman við virkan samkeppnismarkað. Er tekið tekið tillit til afslátta, dreifingar og birgðahalds þegar heildsöluálagningin er áætluð?

Svar: Já, tekið hefur verið tillit til fyrrgreindra þátta. Áætlaða heildsöluálagningin er vegið meðaltal söluverðs, án skatta og annarra opinberra gjalda, að frádregnu vegnu innkaupsverði olúfélaganna fyrir þær tegundir sem seldar eru nær einungis til stærri notenda (skipadísilólía, skipagasólía og svartólía), heildarkostnaði vegna birgðahalds og dreifingar.

Dags. 11.2.2016

Spurning 14

Í kafla 5.3.3, Hvatar til þess að opna eldsneytisstöð, er greining þar sem byggt er á ákveðnum forsendum, m.a. um breytilegan kostnað. Óskað er eftir upplýsingum um á hvaða gögnum byggja tölur um breytilegan kostnað? Hann er reiknaður 2 krónur pr. seldan lítra í skýrslunni en ekki kemur fram hvaða kostnaður sé talinn með.

Svar: Í neðanmálgrein kemur fram að gert sé ráð fyrir að breytilegur kostnaður feli m.a. í sér greiðslukortagjöld og mögulega aukið viðhald vegna aukinnar sölu. Í þessu tilfelli var um lauslegt mat Samkeppniseftirlitsins á fyrrgreindu að ræða en talið var að breytilegur kostnaður væri fyrst og fremst falin í þóknun vegna móttöku greiðslukorta. Gert var ráð fyrir því að þóknunin væri að jafnaði 0,75% og næmi því um 1,5 krónum vegna hvers selds lítra og það sem eftir stæði færi m.a. í mögulega aukið viðhald.

Spurning 15

Í kafla 7.2.2 og viðauka C.1. er fjallað um ósamhverfa verðaðlögun. Í viðaukanum er fjallað um fyrri rannsóknir sem tengjast ósamhverfri verðaðlögun, þau gögn sem lágu til grundvallar, það líkan sem metið var og niðurstöður matsins.

Óskað er upplýsinga um niðurstöður mats þeirra 10 líkana sem metin voru fyrir bensín annars vegar og dísilolíu hins vegar.⁴

Svar: Hér á eftir má finna niðurstöður mats fyrrgreindra 10 líkana; annars vegar fyrir bensín og hins vegar fyrir dísilolíu. Eins og fram kemur í viðauka C.3. voru tvær mismunandi útfærslur af líkaninu metnar fyrir hverja tegund og hvern virkan dag vikunnar (samtals 20 líkön). Í fyrri útfærslunni var gert ráð fyrir að innkaupsverð hefði aðeins bein skammtímaáhrif eina viku fram í tímann, þ.e. aðeins var notast við eitt tafið gildi ($t = 1$ og $t = 0$), en það kom jafn vel út miðað við tölfræðileg viðmið og að hafa ekkert tafið gildi ($t = 0$).⁵ Í síðari útfærslunni gátu bein skammtímaáhrif varað í fimm vikur ($t = 0, 1, \dots, 5$) í samræmi við rannsókn breska samkeppniseftirlitsins. Fyrrgreind líkön voru metin á grunni gagna með vikulega tíðni, þ.e. tvö líkön ($t = 0, 1$ og $t = 0, 1, \dots, 5$) fyrir mánudag, tvö fyrir þriðjudag, tvö fyrir miðvikudag, tvö fyrir fimmtudag og tvö fyrir föstudag.

Niðurstöður líkananna eru birtar hér á eftir. Fyrst eru niðurstöður þeirra 10 líkana sem metin voru fyrir bensín birtar og svo niðurstöður þeirra 10 líkana sem metin voru fyrir dísilolíu. Gefið er upp stuðlamatið fyrir allar breytur hvers líkans, p-gildi (byggir á reiknuðum Newey-West staðalfrávikum) og F-gildi sem gefur til kynna hvort marktækur munur er á stuðlunum eftir því hvort um er að ræða jákvæðar eða

⁴ Tvær mismunandi útfærslur af líkaninu voru metnar. Í fyrri útfærslunni var gert ráð fyrir að innkaupsverð hefði aðeins bein skammtímaáhrif eina viku fram í tímann, þ.e. aðeins var notast við eitt tafið gildi ($k = 1$). Í síðari útfærslunni gátu bein skammtímaáhrif varað í fimm vikur ($k = 5$) í samræmi við rannsókn breska samkeppniseftirlitsins. Fyrrgreind líkön voru metin á grunni gagna með vikulega tíðni.

⁵ Viðmiðið var svokallað BIC (Bayesian Information Criteria). Þess ber að geta að BIC gildið benti einnig til þess að ekki væri þörf á neinum töfðum gildum vegna beinna skammtímaáhrifa.

neikvæðar breytingar á innkaupsverði.⁶ Jafnframt er birtur fjöldi mælinga, aðlagð R^2 og BIC (Bayesian Information Criteria).

Jafna 2 í viðauka C.3 er metin í öllum tilvikum. Mat á stuðlunum fyrir β_0 til β_5 gefur til kynna hver skammtímaáhrif breytts innkaupsverðs (miðað er við 10 króna hækkun eða lækkun) eru á smásöluverðið. Mat á stuðlinum β_0 gefur til kynna að hversu miklu leyti breytingin á innkaupsverðinu skilar sér út í smásöluverðið í sömu viku og innkaupsverðið breytist, matið á β_1 gefur til kynna að hve miklu leyti breytingin á innkaupsverðinu skilar sér út í smásöluverðið að einni viku liðinni og svo frv. Í tilviki *mat stuðuls*⁺ er um að ræða breytingar í kjölfar hækkunar á innkaupsverði en í tilviki *mat stuðuls*⁻ er um að ræða breytingar í kjölfar lækkunar á innkaupsverði. Mat á stuðlunum fyrir δ_{t-1} gefur til kynna hversu hratt smásöluverðið nálgast jafnvægi. Túlka má matið á þann veg að fyrir *mat stuðuls*⁺ þá gefi hann til kynna hraða aðlögunarinnar þegar verðið er hærra en jafnvægisverð og *mat stuðuls*⁻ gefi til kynna aðlögunina ef verð er lægra en jafnvægisverð. F-gildið gefur svo til kynna hvort munurinn á breytingum á smásöluverðinu, í kjölfar hækkunar eða lækkunar á innkaupsverði, er marktækt frábrugðinn (sjá þó nmgr. 6).

Ekki verða niðurstöður allra líkananna túlkaðar en í dæmaskyni er hér lýst því hvernig hægt er að túlka niðurstöður fyrsta líkansins fyrir bensín (byggt á mælingum á mánudögum). Þar má sjá að mat stuðulsins fyrir lækkanir er hærri en fyrir hækkanir sem bendir til þess, ef aðeins er horft á mat þess stuðuls, að tæplega 40% af lækkun innkaupsverð skili sér í útsöluverð í sömu viku og það lækkar á meðan aðeins tæplega 15% hækkun innkaupsverðs skilar sér í útsöluverðið í sömu viku. Aðlögunin snýst við í vikunni á eftir en þá er aðeins 7% af lækkuninni að skila sér á meðan 24% af hækkuninni skilar sér. Þegar horft er á matið fyrir langtímaverðaðlögunina (δ) er hún mun hraðari (-0,33) þegar verðið er lægra en jafnvægisverð, s.s. í tilfelli þess þegar innkaupsverð hækkar, en þegar það er hærra en jafnvægisverðið (-0,13).

Meginniðurstaðan úr líkönunum hér að neðan er sú að skammtímaáhrif verðlækkana, í samanburði við verðhækkanir, séu sterkari í sömu viku og þegar innkaupsverðið breytist en vikuna þar á eftir snúist dæmið við og skammtímaáhrif hækkana verði meiri. Í 16 af þeim 20 líkönunum sem metin voru var aðlögun að langtímajafnvægi hægari þegar útsöluverðið var hærra en jafnvægisverðið (hærri álagning en í jafnvægi) í samanburði við það þegar það var lægra en útsöluverðið (lægri álagning en í jafnvægi).

Til þess að gefa betri mynd af uppsöfnuðum áhrifum á útsöluverðið, þ.e. þar sem er tekið bæði tillit til matsins á skammtímastuðlunum og matsins á hraðanum í aðlöguninni að langtímajafnvæginu, er megináherslan í viðauka C.3 lögð á að greina þessi fyrrgreind uppsöfnuðu áhrif á 5 vikna tímabili eftir breytingu á innkaupsverði.

⁶ Þess ber að geta að leifaliðurinn í þeim líkönunum sem metin voru reyndist ekki vera normaldreifður og því var ekki lagt mat á það í viðaukanum hvort stuðlar líkansins væru tölfræðilega frábrugðnir hvor öðrum eða marktækt frábrugðnir núlli (p-gildin gefa það til kynna). Hins vegar uppfylltu tölfræðilegir eiginleikar líkananna Gauss-Markov setninguna (s.s. leifaliðirnir voru ekki marktækt frábrugðnir núlli og ekki var um að ræða sjálflygni eða misdreifni í leifaliðunum) og þar af leiðandi var ályktað sem svo að matið á stuðlunum væri BLUE (best linear unbiased estimator). Sjá nánar um Gauss-Markov setninguna á bls. 98 í Heij, Boer et al. (2004) „*Econometric Methods with Applications in Business and Economics*“.

Bensín - Mánudagar

Óháðu breyturarnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+)-mat(-))	p-gildi
β_0	0,146	0,022	0,367	0,000	3,500	0,063
β_1	0,238	0,000	0,069	0,282	3,140	0,078
δ	-0,133	0,001	-0,330	0,000	5,770	0,017
Fjöldi mælinga	282					
Aðlagað R2	0,438					
BIC	1.169					

Óháðu breyturarnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+)-mat(-))	p-gildi
β_0	0,142	0,045	0,400	0,000	3,970	0,047
β_1	0,293	0,000	0,085	0,234	4,380	0,037
β_2	0,090	0,323	0,028	0,708	0,320	0,571
β_3	0,122	0,138	0,004	0,968	0,055	0,459
β_4	0,002	0,981	0,131	0,074	1,220	0,271
β_5	0,001	0,070	0,098	0,080	0,630	0,427
δ	-0,139	0,074	-0,263	0,000	1,560	0,213
Fjöldi mælinga	278					
Aðlagað R2	0,442					
BIC	1.227					

Bensín –
priðjudagar

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,235	0,000	0,326	0,000	0,640	0,423
β_1	0,188	0,039	0,017	0,789	1,720	0,191
δ	-0,185	0,000	-0,324	0,000	3,000	0,084
Fjöldi mælinga	281					
Aðlagað R2	0,391					
BIC	1.217					

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,236	0,001	0,322	0,000	0,400	0,530
β_1	0,288	0,007	0,065	0,327	2,620	0,107
β_2	0,127	0,278	0,113	0,172	0,010	0,912
β_3	0,130	0,047	0,070	0,492	0,200	0,657
β_4	-0,065	0,414	0,159	0,066	2,670	0,104
β_5	-0,063	0,084	0,013	0,072	0,430	0,513
δ	-0,116	0,142	-0,256	0,000	1,960	0,163
Fjöldi mælinga	277					
Aðlagað R2	0,385					
BIC	1.279					

Bensín -
Miðvikudagar

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,235	0,006	0,260	0,000		
β_1	0,168	0,014	0,122	0,024		
δ	-0,186	0,000	-0,296	0,000		
Fjöldi mælinga	282					
Aðlagað R2	0,370					
BIC	1.233					

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,261	0,017	0,255	0,000	0,000	0,969
β_1	0,201	0,009	0,146	0,074	0,230	0,633
β_2	-0,061	0,554	0,100	0,212	1,610	0,206
β_3	0,119	0,063	0,079	0,333	0,150	0,699
β_4	0,047	0,656	-0,007	0,941	0,120	0,727
β_5	0,064	0,430	0,014	0,822	0,200	0,655
δ	-0,143	0,051	-0,300	0,000	2,220	0,137
Fjöldi mælinga	278					
Aðlagað R2	0,360					
BIC	1.297					

Bensín -
Fimmtudagar

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,040	0,737	0,405	0,000	4,170	0,042
β_1	0,297	0,002	-0,051	0,644	3,530	0,061
δ	-0,254	0,003	-0,301	0,000	0,150	0,700
Fjöldi mælinga	282					
Aðlagað R2	0,402					
BIC	1.287					

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,028	0,842	0,419	0,000	3,040	0,083
β_1	0,318	0,002	0,008	0,944	3,120	0,078
β_2	0,060	0,627	0,095	0,351	0,040	0,833
β_3	0,036	0,719	0,133	0,101	0,420	0,519
β_4	0,162	0,203	-0,058	0,683	0,780	0,378
β_5	0,139	0,058	-0,045	0,566	2,100	0,149
δ	-0,261	0,011	-0,248	0,002	0,010	0,925
Fjöldi mælinga	278					
Aðlagað R2	0,391					
BIC	1.350					

Bensín - Föstudagar

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,231	0,002	0,438	0,000	2,400	0,123
β_1	0,114	0,082	0,101	0,423	0,010	0,938
δ	-0,225	0,000	-0,280	0,000	0,360	0,552
Fjöldi mælinga	282					
Aðlagað R2	0,417					
BIC	1.232					

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,231	0,002	0,461	0,000	3,320	0,070
β_1	0,192	0,023	0,113	0,353	0,230	0,634
β_2	0,080	0,339	0,117	0,295	0,080	0,779
β_3	0,007	0,931	0,098	0,267	0,690	0,406
β_4	0,171	0,176	0,034	0,693	1,190	0,276
β_5	0,213	0,047	-0,063	0,370	3,260	0,072
δ	-0,267	0,003	-0,221	0,001	0,160	0,690
Fjöldi mælinga	278					
Aðlagað R2	0,421					
BIC	1.289					

Dísilolía

Dísilolía -
Mánudagar

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,160	0,003	0,450	0,000	15,580	0,000
β_1	0,332	0,000	0,149	0,073	3,000	0,084
δ	-0,073	0,006	-0,172	0,000	2,760	0,098
Fjöldi mælinga	282					
Aðlagað R2	0,462					
BIC	1.159					

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,174	0,006	0,460	0,000	11,230	0,001
β_1	0,384	0,000	0,200	0,014	2,470	0,117
β_2	0,214	0,006	0,084	0,181	1,690	0,195
β_3	0,150	0,033	0,125	0,122	0,040	0,843
β_4	0,051	0,488	0,138	0,035	0,550	0,458
β_5	0,121	0,098	0,065	0,261	0,310	0,579
δ	-0,041	0,273	-0,140	0,002	2,350	0,127
Fjöldi mælinga	278					
Aðlagað R2	0,470					
BIC	1.214					

Dísilolía -
Þriðjudagar

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,245	0,000	0,373	0,000	1,750	0,187
β_1	0,146	0,117	0,087	0,326	0,140	0,707
δ	-0,106	0,000	-0,209	0,000	2,360	0,126
Fjöldi mælinga	281					
Aðlagað R2	0,371					
BIC	1.214					

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,287	0,000	0,355	0,000	0,350	0,554
β_1	0,271	0,003	0,174	0,070	0,360	0,547
β_2	0,242	0,011	0,203	0,006	0,090	0,761
β_3	0,143	0,048	0,070	0,382	0,370	0,545
β_4	0,002	0,984	0,279	0,003	2,980	0,085
β_5	0,050	0,463	0,055	0,308	0,000	0,953
δ	-0,024	0,624	0,055	0,002	3,150	0,077
Fjöldi mælinga	277					
Aðlagað R2	0,416					
BIC	1.253					

Dísilólía -
Miðvikudagar

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,293	0,000	0,347	0,000	0,143	0,706
β_1	0,220	0,004	0,235	0,001	0,020	0,890
δ	-0,093	0,004	-0,032	0,001	1,350	0,247
Fjöldi mælinga	282					
Aðlagað R2	0,390					
BIC	1.227					

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,313	0,000	0,355	0,000	0,070	0,794
β_1	0,246	0,007	0,294	0,000	0,150	0,697
β_2	0,094	0,306	0,170	0,040	0,280	0,594
β_3	0,133	0,058	0,065	0,401	0,450	0,502
β_4	0,088	0,274	0,059	0,620	0,030	0,864
β_5	0,174	0,045	-0,026	0,673	3,240	0,073
δ	-0,058	0,174	-0,165	0,001	2,680	0,103
Fjöldi mælinga	278					
Aðlagað R2	0,398					
BIC	1.282					

Dísilólía -
Fimmtudagar

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,079	0,559	0,471	0,003	2,650	0,105
β_1	0,286	0,000	0,156	0,043	1,080	0,299
δ	-0,140	0,008	-0,152	0,000	0,030	0,854
Fjöldi mælinga	282					
Aðlagað R2	0,398					
BIC	1.275					

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,102	0,476	0,508	0,004	2,200	0,140
β_1	0,315	0,000	0,257	0,003	0,210	0,644
β_2	0,119	0,077	0,214	0,039	0,540	0,463
β_3	0,062	0,499	0,170	0,021	0,680	0,414
β_4	0,184	0,028	0,144	0,122	0,070	0,787
β_5	0,179	0,079	-0,027	0,752	1,510	0,220
δ	-0,078	0,129	-0,100	0,005	0,120	0,729
Fjöldi mælinga	278					
Aðlagað R2	0,409					
BIC	1.328					

Dísilolía -
Föstudagar

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,240	0,001	0,503	0,000	3,130	0,078
β_1	0,267	0,000	0,283	0,014	0,010	0,907
δ	-0,141	0,001	-0,129	0,000	0,040	0,837
Fjöldi mælinga	282					
Aðlagð R2	0,477					
BIC	1.221					

Óháðu breyturnar	Mat stuðuls (+)	p-gildi	Mat stuðuls (-)	p-gildi	F(mat(+) - mat(-))	p-gildi
β_0	0,223	0,000	0,523	0,000	7,020	0,009
β_1	0,339	0,000	0,401	0,004	0,120	0,734
β_2	0,165	0,011	0,218	0,011	0,260	0,613
β_3	0,098	0,188	0,165	0,009	0,430	0,512
β_4	0,208	0,002	0,060	0,276	2,670	0,103
β_5	0,226	0,006	-0,005	0,960	2,450	0,119
δ	-0,087	0,085	-0,088	0,007	0,000	0,981
Fjöldi mælinga	278					
Aðlagð R2	0,497					
BIC	1.269					

Spurning 16

Í Viðauka C.3. er það metið hvernig smásöluverð svarar hækkunum og lækkunum heimsmarkaðsverðs. Í viðbragðsföllum sem reiknuð eru út, á grundvelli matsins, er metið hvernig 10 króna hækkun eða lækkun heimsmarkaðsverðs skilar sér út í smásöluverðið.

Þegar skoðaðar eru breytingar á heimsmarkaðsverði á tímabilinu 2007 til 2015 kemur í ljós að 10 króna breyting á því á innan við viku er sjaldgæf sjón. Hvernig er þá hægt að meta áhrif á smásöluverð þegar fyrrgreind breyting hefur varla átt sér stað á tímabilinu sem er skoðað?

Svar: Viðbragðsföllin byggja á mati líkananna sem finna má í svörum við spurningu 15. Það hvort miðað er við 10 króna breytingu á heimsmarkaðsverði eða 1 krónu breytingar hefur ekki áhrif á viðbragðsföllin að öðru leyti en að skalinn á þeim breytist. Ef miðað væri við 1 króna breytingu á heimsmarkaðsverði mætti því búast við að útsöluverðið breyttist um u.þ.b. 1 krónu til lengri tíma litið. Í viðbragðsföllum sem birt eru í frummatsskýrslunni og Viðauka C.3. er hins vegar miðað við 10 króna breytingu.

Meginástæða þess að skalinn hefur ekki áhrif á viðbragðsföllin er sú að stuðlamatið er línulegt. M.t.t. algengustu breytinga á heimsmarkaðsverði á milli vikna má færa rök fyrir því að miða mætti við minni breytingar á heimsmarkaðsverði á milli vikna. Meginniðurstöðurnar hefðu þó ekki breyst.

Spurning 17

Í kafli 7.2.3 og viðauka C.2. er fjallað um verðleiðtogagreiningu. Í viðaukanum er m.a. fjallað um fyrri rannsóknir sem tengjast verðleiðtogagreiningu, þau sem gögn sem lágu til grundvallar, það líkan sem metið var og niðurstöður matsins.

Óskað er upplýsinga um niðurstöður mats þeirra líkana sem metin voru fyrir bensín annars vegar og dísilolíu hins vegar.

Svar: Allar niðurstöður þeirra líkana sem metin voru varðandi verðleiðtogagreiningu er að finna í viðauka C.2.

Dags. 26.2.2016

Spurning 18

Á bls. 176 í Frummatsskýrslu Samkeppniseftirlitsins er mynd (númer 35) og umfjöllun um samanburð á bensínverði í OECD ríkjum, þ.á.m. á Íslandi, og Færeyjum.

Óskað er eftir upplýsingum um:

- a. Hvernig tryggt var að tölurnar um eldsneytisverð sem ekki voru birtar í skýrslu OECD (verð fyrir Ísland og Færeyjar) væru sambærilegar við samanburðarlöndin.
- b. Hvaða mynt og dagsetningu (eða tímabil) er notast við þegar tölur um eldsneytisverð úr skýrslu OECD á bls. 66 (sem byggir á heimild Bureau and Energy Economics, Australian Petroleum Statistic issue no. 194, September 2012) eru reiknaðar yfir í ISK.

Svar:

- a. Miðað var við eldsneytisverð (dæluverð) á Íslandi og Færeyjum án skatta og annarra opinberra gjalda.⁷ Að jafnaði var það verð sem birt var í skýrslu OECD dæluverð án skatta og annarra opinberra gjalda. Þess ber að geta að við endurútreikning á þeim tölum sem lágu til grundvallar þessari mynd (og myndum 40 til 43) komu í ljós tvær villur. Í fyrsta lagi var miðað við verð á Íslandi og Færeyjum án skatta á verðlagi desember 2012 (verð samanburðarlandanna var ekki reiknað á verðlagi desember 2012). Í öðru lagi var miðað við tölur úr skýrslu OECD frá öðrum ársfjórðungi 2012, ekki þeim þriðja eins og gert var í tilfelli Íslands og Færeyja. Jafnframt kom í ljós að í skýrslu OECD var í tilfelli Tyrklands um að ræða eldsneytisverð á fyrsta ársfjórðungi 2012. Samanburður eldsneytisverðs á mynd 35 er því marklaus.
- b. Miðað var við miðgengi ISK/AUD fyrir þriðja ársfjórðung 2012, 127,70 ISK/AUD.

Til þess að bregðast við framangreindum mistökum var ítarlegri gagna aflað sem ná yfir lengra tímabil til þess að tryggja að verðsamanburðurinn gæfi sem gleggsta mynd af verðmuni á milli landanna. Byggir sú greining sem hér kemur á eftir á gögnum frá Alþjóðaorkumálastofnuninni (samanburðurinn í téðri OECD skýrslu byggir á tölum frá ástralska iðnaðar-, nýsköpunar- og vísindaráðuneytinu⁸ sem styðst að mestu við tölur frá Alþjóðaorkumálastofnuninni). Jafnframt var skoðað ítarlega í hvaða tilfellum verðupplýsingarnar miðuðu við dæluverð án afslátta og í hvaða tilfellum miðað var við dæluverð að teknu tilliti til afslátta. Sú athugun leiddi í ljós að af 33 samanburðarlöndum var uppgengið verð án


⁷ Í tilfelli Íslands var notast við gögn frá gsmbensin.is (meðaltal þriðja ársfjórðungs af bensínverði á hverjum mánudegi á völdum stöðvum í Reykjavík, sjá nánari lýsingu gögnunum t.d. í Viðauka C.2). Í tilfelli Færeyja var notast við gögn frá Samkeppniseftirliti Færeyja (meðaltal þriðja ársfjórðungs af bensínverði (dæluverði) á hverjum mánudegi).

⁸ <http://www.industry.gov.au/Office-of-the-Chief-Economist/Publications/Pages/Australian-petroleum-statistics.aspx>

afslátta í 21 tilfelli⁹, með afsláttum í 5 tilfellum¹⁰ og ekki var ljóst hvort um var að ræða verð með eða án afslátta í 8 tilfellum.¹¹

Þar sem í flestum tilfellum var verðið gefið upp án afslátta byggir verðið fyrir íslenska markaðinn í þeim samanburði sem hér kemur á eftir á dæluverði án afslátta.¹² Í þeim OECD verðsamanburði sem finna má í frummatsskýrslunni (mynd 35) er miðað við mjög stutt tímabil (einn ársfjórðung). Þegar svo stutt tímabil er lagt til grundvallar er hættu á að verðmunur milli landa sé aðeins tilfallandi og gefi því ekki rétta mynd af því hvort tiltekin lönd séu að jafnaði með hátt eða lágt verð í alþjóðlegum samanburði. Hér að neðan er því litið til meðaltals árána 2009-2012 en jafnframt eru myndir birtar fyrir hvert og eitt ár.

Á myndum 1-5 er bensínverð á Íslandi borið saman við bensínverð í öðrum OECD löndum og Færeyjum án þess að tekið sé tillit til afslátta. Á myndum 6-10 er bensínverð á Íslandi borið saman við bensínverð í Færeyjum og í þeim OECD löndum sem gefa upp eldsneytisverð með afsláttum (Danmörk, Frakkland, Írland, Ítalía og Portúgal) auk þeirra átta OECD landa (Tékkland, Ungverjaland, Ísrael, Noregur, Slóvakía, Spánn, Sviss og Tyrkland) þar sem ekki var ljóst hvort verðið er með eða án afslátta.




⁹ Ástralía, Austurríki, Belgía, Kanada, Síle, Eistland, Færeyjar, Finnland, Þýskaland, Grikkland, Suður-Kórea, Lúxemborg, Mexíkó, Holland, Nýja-Sjáland, Pólland, Slóvenía, Svíþjóð, Bretland og Bandaríkin.

¹⁰ Danmörk, Frakkland, Írland, Ítalía og Portúgal.


¹¹ Tékkland, Ungverjaland, Ísrael, Noregur, Slóvakía, Spánn, Sviss og Tyrkland.

¹² Fyrir tímabilið 2009-2012 í þessari greiningu notast Samkeppniseftirlitið við vegið dæluverð bensíns (m.v. selt magn). Samkeppniseftirlitið aflaði gagna fyrir árin 2008-2012 þar sem hvert og eitt olúfélag gaf upp vegið brúttóverð og sölu hvers dags. Þar sem eitt olúfélagið gat af tæknilegum ástæðum ekki gefið upp sölu hvers dags fyrir árið 2008 var því ákveðið að notast við tímabilið 2009-2012, svo verð allra félaganna lægi til grundvallar vegna dæluverðinu.


¹³ Lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993, lög um umhverfis- og auðlindaskatta nr. 129/2009 og lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988 með áorðnum breytingum, „Energy prices and taxes“ (2015) IEA, Seðlabanki Íslands (2016), Atlantsolía, N1, Olís, Skeljungur, Færeyska Samkeppniseftirlitið og útreikningar Samkeppniseftirlitsins.




Mynd 2 Meðaltalsbensínverð (dæluverð án afslátta) án skatta og opinberra gjalda í OECD löndum og Færeyjum árið 2009.




Mynd 3 Meðaltalsbensínverð (dæluverð án afslátta) án skatta og opinberra gjalda í OECD löndum og Færeyjum árið 2010.



Mynd 4 Meðaltalsbensínverð (dæluverð án afslátta) án skatta og opinberra gjalda í OECD löndum og Færeyjum árið 2011.




Mynd 5 Meðaltalsbensínverð (dæluverð án afslátta) án skatta og opinberra gjalda án skatta og opinberra gjalda í OECD löndum og Færeyjum árið 2012.




¹⁴ Lönd í mynd 1 að viðbættum löndum sem gefa upp verð með afsláttum eða þar sem ekki er víst hvort verð eru með eða án afslátta.


Lög um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl. nr. 29/1993, lög um umhverfis- og auðlindaskatta nr. 129/2009 og lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988 með áorðnum breytingum, „Energy prices and taxes“ (2015) IEA, Seðlabanki Íslands (2016), Atlantsólía, N1, Olís, Skeljungur, , Færeyska Samkeppniseftirlitið og útreikningar Samkeppniseftirlitsins.




Mynd 7 Bensínverð án skatta og opinberra gjalda í OECD löndum og Færeyjum árið 2009.



Mynd 8 Bensínverð án skatta og opinberra gjalda í OECD löndum og Færeyjum árið 2010.



Mynd 9 Bensínverð án skatta og opinberra gjalda í OECD löndum og Færeyjum árið 2011.



Mynd 10 Bensínverð án skatta og opinberra gjalda í OECD löndum og Færeyjum árið 2012

Spurning 19

Í skýrslunni eru gögn ýmist staðvirt með árlegri eða mánaðarlegri vísitölu neysluverðs.

Óskað er eftir upplýsingum um hverja séu ástæður þess?

Svar: Í þeim tilvikum þar sem gögnin eru staðvirt er að jafnaði miðað við árlegt meðaltal vísitölu neysluverðs í þeim tilfellum þar sem gögnin sem Samkeppniseftirlitið er með undir höndum eru árleg, s.s. í í töflu 23 og 24. Í þeim tilfellum þar sem þau eru tíðari, s.s. mánaðarleg eða dagleg eins og í greiningum í kafla 7.2.1, er staðvirt m.v. mánaðarlega vísitölu neysluverðs.


Spurning 20

Í frummatsskýrslunni á bls. 211 kemur fram að allsterkt samband sé á milli bensínálagningar félaganna á föstu verði og arðsemi þeirra. Óskað er upplýsinga hvort einhverjar tölfræðilegar athuganir séu þar að baki.

Svar: Útreikningarnir byggja á veginni arðsemi olúfélaganna árin 2005 til 2014 og veginnar álagningar olúfélaganna á bensíni fyrir sama tímabil. Sjá gögn hér að neðan.

Ár	Álagning 95	
	oktana bensíns	Vegin arðsemi
2005	26,99	10,3%
2006	28,84	10,3%
2007	30,35	13,3%
2008	32,79	19,7%
2009	32,68	12,2%
2010	27,44	-1,7%
2011	30,25	8,8%
2012	30,41	9,0%
2013	31,40	8,3%
2014	32,01	8,1%

Hér fyrir neðan má svo sjá punktarit þar sem krónutöluálagning 95 oktana bensíns er á x-ás og vegin arðsemi á y-ás.



Þegar reiknuð er fylgni (Pearson fylgnistuðullinn) á milli veginnar arðsemi og breytinga álagningar á föstu verðlagi fyrir allt tímabilið (2005-2014) þá mælist hún 0,58 (p-gildi = 0,08).

Það ber að áréttu að eignir félaganna hafa í mörgum tilvikum verið endurmetnar til hækkunar í kjölfar gengishruns og endurskipulagningar sem almennt lauk 2010-2011 og kann arðsemi bundins fjármagns eftir það að vera vanmetin af þeim sökum. Með þessu er átt við að allstór hluti eigna hefur verið færður upp til hækkunar, að nokkru leyti í takt við almenna verðlagsþróun í kjölfar veikingar á gengi krónunnar enda hefur byggingakostnaður hækkað af þeim völdum. Þannig mætti halda því fram að verið sé að reikna arðsemi verðbótabætts höfuðstóls árin 2011-2014 og því endurspegli reiknuð arðsemi þau ár raunarðsemi en ekki nafnávöxtun.

Spurning 21

Í frummatsskýrslunni á bls. 212 kemur fram að nokkuð mikil fylgni sé á milli breytinga á gengi krónunnar og arðsemi olíufélaganna ef horft er til árána 2001-2014.

Óskað er eftir upplýsingum:

- Hvort skoðað hafi verið samhengi/fylgni breytinga á gengi og breytinga á arðsemi?
- Hvort skoðað hafi verið samhengi/fylgni breytinga á gengi innan árs, í stað breytinga á meðalgengi á milli ára, með tilliti til arðsemi annars vegar og breytinga á arðsemi hins vegar.
- Hvort einhver áhrif hafi að undanskilja árið 2001 en árið er oftast sagt tilheyrja hina svonefnda samráðstímabili og því má færa rök fyrir því að óeðlilegt sé að hafa það með nú í þessari rannsókn.

Svar:

- a. Það var ekki skoðað sérstaklega en með því að reikna fylgni á milli breytinga á veginni arðsemi (breyting í prósentustigum) á milli ára og breytinga á gengi á milli ára þá hækkar reiknaður fylgnistuðull úr 0,56 (p gildi = 0,04) í 0,61 (p gildi = 0,03). Sé árið 2001 undanskilið lækka fylgnistuðlarnir í báðum tilfellum; úr 0,56 (p gildi = 0,04) í 0,48 (p-gildi 0,09) miðað við þá útreikninga sem miðað er við í frummatsskýrslunni og úr 0,61 (p gildi = 0,03) í 0,53 (p gildi = 0,07) í seinna tilfallinu.
- b. Það var ekki skoðað sérstaklega en með því að reikna fylgni á milli breytinga á gengi innan árs (ársmeðaltal daglegra breytinga ISK/USD) og veginni arðsemi (breyting í prósentustigum) þá mældist fylgnistuðullinn 0,59 (p-gildi = 0,03) fyrir allt tímabilið og 0,59 (p-gildi = 0,04) ef árið 2001 var undanskilið.
Ef reiknuð er fylgni á milli breytinga á gengi innan árs (meðaltal daglegra breytinga ISK/USD) og breytinga á veginni arðsemi þá mælist fylgnistuðullinn 0,49 (p-gildi = 0,11) fyrir allt tímabilið og 0,38 (p-gildi = 0,24) ef árið 2001 er undanskilið. Þess ber að geta að í þess tilfalli er verið að bera saman tvær ólíkar stærðir, annars vegar breytingu á arðsemi á milli ára og síðan breytingu á gengi innan árs.
- c. Sjá svör í a og b lið.

Spurning 22

Í frummatsskýrslunni á bls. 205 er sýnd mynd með frumframlegð (e. gross profit) félaganna sem hlutfall af heildarvörusölu. Á myndinni kemur einnig fram hvernig verð á Norðursjávarolíu þróaðist á sama tímabili. Jafnframt kemur fram að sjá megi af myndinni að neikvæð fylgni sé á milli olíuverðs og framlegðarhlutfalls olíufélaganna sem skýrist að hluta til af fastri krónutöluálagningu.


Óskað er upplýsinga um:

- a. *Hvort einhverjar tölfræðilegar athuganir séu þar að baki.*
- b. *Hvort einhver áhrif hafi að undanskilja árið 2001 en árið er oftast sagt tilheyra hina svonefnda samráðstímabili og er því má færa rök fyrir því að óeðlilegt sé að hafa það með nú í þessari rannsókn.*

Svar:

- a. Þessar ályktanir voru dregnar af því líta á þá þróun frumframlegðarhlutfalls og Norðursjárvarolíu sem sjá má af myndinni. Sé reiknuð fylgni á milli þessara tveggja stærða, m.v. einfalt meðaltal frumframlegðarhlutfalls olíufélaganna á hverju ári og Norðursjárvarolíu á tímabilinu 2001-2014 þá er hún -0,91 og marktæk m.v. 95% öryggismörk.
Sjá gögn hér á eftir:

Ár	Frumfram- legð vörusölu ¹⁵	Brent
2001	25%	24,86
2002	27%	25,03
2003	26%	28,47
2004	22%	38,04
2005	19%	55,24
2006	19%	66,10
2007	22%	72,65
2008	20%	98,52
2009	21%	62,66
2010	17%	80,35
2011	16%	110,91
2012	16%	111,66
2013	16%	108,73
2014	17%	101,05



Meginrökin fyrir því að föst krónutöluálagning skýri þessa þróun eru þau að ef miðað er við fasta krónutöluálagningu þá lækkar álagningarhlutfallið þegar innkaupsverð (Norðursjávarolíu hækka) og hækka þegar innkaupsverðið lækka.

- b. Það að sleppa árinu 2001 lækka matið á fylgnistuðlinum úr -0,91 í -0,87 en hann er áfram marktækt frábrugðinn núlli m.v. 95% öryggismörk.

¹⁵ Einfalt meðaltal frumframlegðarhlutfalls Olís, N1 og Skeljungs árin 2001-2008 og Atlantsolíu, Olís, N1 og Skeljungs árin 2009-2014.

Spurning 23

Í frummatsskýrslunni á bls. 217 er dregin sú ályktun að niðurstöður arðsemisgreiningarinnar bendi til þess að arðsemi bundins fjármagns félaganna hafi yfirleitt verið allsæmileg og mjög góð sum ár.

Óskað er upplýsinga um:

- a. Hver hafi verið meðalarðsemi félaganna á tímabilinu.
- b. Hvaða arðsemiskröfu hafi verið miðað við í greiningu Samkeppniseftirlitsins.
- c. Hver hafi verið munurinn á reiknaðri arðsemi og áhættulausum vöxtum.
- d. Hvort einhver áhrif hafi að undanskilja árið 2001 en árið er oftast sagt tilheyra hina svonefnda samráðstímabili og er því má færa rök fyrir því að óeðlilegt sé að hafa það með nú í þessari rannsókn.

Svar:

- a. Meðaltal veginnar arðsemi olíufélaganna árin 2001-2014 var um 10,6% á ári. Ef aðeins er miðað við tímabilið 2002-2014 er það 9,8%. Sjá má þær tölur sem liggja til grundvallar á töflu 25 á bls. 210.
- b. Sjá lýsingu á bls. 215 og 216 í skýrslunni. Jafnframt er áréttuð möguleg áhrif endurskipulagningar á arðsemi árin 2011 til 2014.¹⁶
- c. Meðaltal mismunarins á reiknaðri arðsemi (vegna meðaltali olíufélaganna) og áhættulausum vöxtum árin 2001-2014 var 2,9%. Ef aðeins er miðað við tímabilið 2002-2014 er meðaltalið 2,3%. Sjá má þær tölur sem liggja til grundvallar á töflu 25 á bls. 210 í Frummatsskýrslunni.
- d. Sjá svör í lið a og c.

¹⁶ Með þessu er átt við að allstór hluti eigna hefur verið færður upp til hækkunar, að nokkru leyti í takt við almenna verðlagsþróun í kjölfar veikingar á gengi krónunnar. Þannig mætti halda því fram að verið sé að reikna arðsemi verðbótábætts höfuðstóls árin 2011-2014 og því endurspeglir reiknuð arðsemi þau ár raunarðsemi en ekki nafnávöxtun. Gæti það leitt til þess að réttara væri að bera saman arðsemi fyrirtækjanna saman við raunávöxtunarkröfu en ekki nafnávöxtunarkröfu fyrir þessi ár. Á móti þessu sjónarmiði vegur talsverð niðurfærsla viðskiptavildar hjá einstökum félögum.

Dags. 2.3.2016

Spurning 24

Kafli 7.1.1 fjallar að mestu um þær breytingar sem eiga sér stað þegar Atlantsolía hættir að flytja inn eldsneyti, um mitt ár 2007, og byrjar að kaupa það af Skeljungi. Einnig er vísað í þróun smásöluverðs, smásöluverðs án skatta og annarra opinberra gjalda, innkaupsverðs og álagningar og fyrrgreindar stærðir bornar saman á milli tímabila. Óskað er upplýsinga um:

- a. Með hvaða vísitölu gögnin voru staðvirt?*
- b. Hvers vegna aðeins var skoðað 12 mánaða tímabil, fyrir og eftir breytinguna, en ekki t.d. 24 mánaða tímabil?*
- c. Hvort önnur lengri eða skemmri tímabil en miðað er við í skýrslunni hafi verið skoðuð?*
- d. Niðurstöður aðhvarfsgreininganna sem vísað er í á bls. 222.*

Svar:

- a. Notast var við mánaðarleg gildi vísitölu neysluverðs (grunnur frá 1988) til þess að staðvirða. Upphæðir eru staðvistar m.v. desember 2012.
- b. Í vinnuskýrslu (e. working document) Evrópusambandsins frá árinu 2013 er því m.a. lýst hvernig hægt er að mæla áhrif ákveðins atburðar á verð.¹⁷ Á blaðsíðum 16-19 er fjallað um „fyrir og eftir“ aðferðina en þeirri aðferð er beitt í kafla 7.1.1 í frummatsskýrslunni. Eins og fram kemur í vinnuskýrslunni er það kostur við fyrrgreinda aðferð að verið er að skoða sama markað fyrir og eftir atburðinn og því eru einkenni markaðarins, s.s. fjöldi keppinauta, kostnaður og eftirspurn, líkari á milli tímabila en þegar verið er að bera saman mismunandi markaði. Eins og réttilega er bent á í téðri skýrslu geta verðbreytingar á milli tveggja tímabila á sama markaði einnig átt rætur að rekja til annarra atvika.

Með hliðsjón af framangreindu var það talið nauðsynlegt að hafa tímabilið sem skoðað væri það langt að munur á álagningu væri ekki tilkomin vegna árstíðarbundinna sveiflna á álagningu eða annarra ástæðna sem hefðu áhrif á álagningu til skamms tíma. Jafnframt var mikilvægt að hafa tímabilið það stutt að almenn efnahagsskilyrði eða breytingar á eldsneytismarkaðnum hefði ekki marktæk áhrif á matið. Augljóst er að með því að velja eitt ár fyrir og eftir atburð er komið í veg fyrir að árstíðasveiflur á álagningu hafi áhrif á samanburðinn.

Talið var að með því að velja tímabil sem væri lengra en eitt ár þá ykist hætta á því að mögulegar breytingar á álagningu væri hægt að rekja til annarra aðstæðna en í þessu tilfelli, breytts innkaupafyrirkomulags. Nefna má sem dæmi að ef borin hefðu verið saman tvö ár, fyrir og eftir breytinguna á innkaupafyrirkomulaginu, þá hefðu almennar efnahagsaðstæður á seinna tímabilinu verið mjög frábrugðnar því sem hefðu verið á fyrra tímabilinu (hér er vísað til efnahagshrunsins á haustmánuðum 2008).

Með því að líta til eins árs fyrir og eftir breytinguna er því talið að tímabilin sem skoðuð eru séu nokkuð sambærileg og hægt sé að álykta að breyting á álagningu megi rekja til breytts innkaupafyrirkomulags.

¹⁷ Meginumfjöllunarefni skýrslunnar er mat á skaða vegna samkeppnislaga brota sem vara í ákveðinn tíma en hægt er að nýta þær aðferðir sem fjallað er um í skýrslunni í þessari greiningu. Sjá, skýrslu nr. C(2013)3440/F1, European Commission (2013). „QUANTIFYING HARM IN ACTIONS FOR DAMAGES BASED ON BREACHES OF ARTICLE 101 OR 102 OF THE TREATY ON THE FUNCTIONING OF THE EUROPEAN UNION“

c. Nei. Sjá einnig svör við b-lið.

d. Niðurstöður aðhvarfsgreiningar

- a. Álagning á föstu verðlagi fyrir bensín sem fall af fasta og gervibreytu sem segir til um hvort Atlantsólía hafi flutt inn eldsneyti eður ei (tekur gildið 1 eftir að Atlantsólía hætti að flytja inn eldsneyti):

```
. do "C:\Users\Valur\AppData\Local\Temp\STD04000000.tmp"
. newey pet_md dummy_after, lag(4)

Regression with Newey-West standard errors      Number of obs   =       731
maximum lag: 4                                F( 1,          729) =      53.04
                                                Prob > F         =      0.0000
```

pet_md	Newey-West		t	P> t	[95% Conf. Interval]	
	Coef.	Std. Err.				
dummy_after	4.758344	.6533806	7.28	0.000	3.475612	6.041076
_cons	30.4374	.5845587	52.07	0.000	29.28978	31.58502

Mat á leifaliðum úr ofangreindu líkani í öðru veldi sem fall af fasta og gervibreytu sem segir til um hvort að Atlantsólía hafi flutt inn eldsneyti eður ei (tekur gildið 1 eftir að Atlantsólía hætti að flytja inn eldsneyti):

```
. newey res_pet dummy_after, lag(2)

Regression with Newey-West standard errors      Number of obs   =       731
maximum lag: 2                                F( 1,          729) =      42.72
                                                Prob > F         =      0.0000
```

res_pet	Newey-West		t	P> t	[95% Conf. Interval]	
	Coef.	Std. Err.				
dummy_after	-18.38851	2.81355	-6.54	0.000	-23.91214	-12.86488
_cons	26.03807	2.661723	9.78	0.000	20.81251	31.26363

- b. Álagning á dísilolíu sem fall af fasta og gervibreytu sem segir til um hvort að Atlantsólía hafi flutt inn eldsneyti eður ei (tekur gildið 1 eftir að Atlantsólía hætti að flytja inn eldsneyti):

```
. newey die_md dummy_after, lag(4)

Regression with Newey-West standard errors      Number of obs   =       731
maximum lag: 4                                F( 1,          729) =      8.20
                                                Prob > F         =      0.0043
```

die_md	Newey-West		t	P> t	[95% Conf. Interval]	
	Coef.	Std. Err.				
dummy_after	1.734462	.6055185	2.86	0.004	.5456936	2.92323
_cons	28.24796	.4272884	66.11	0.000	27.4091	29.08683

Mat á leifaliðum úr ofangreindu líkani í öðru veldi sem fall af fasta og gervibreytu sem segir til um hvort að Atlantsólía hafi flutt inn eldsneyti eður ei (tekur gildið 1 eftir að Atlantsólía hætti að flytja inn eldsneyti):

```
. newey res_die dummy_after, lag(2)

Regression with Newey-West standard errors      Number of obs   =       731
maximum lag: 2                                F( 1,          729) =      0.33
                                                Prob > F         =      0.5685
```

res_die	Newey-West		t	P> t	[95% Conf. Interval]	
	Coef.	Std. Err.				
dummy_after	1.508342	2.643518	0.57	0.568	-3.681474	6.698159
_cons	14.30714	1.512644	9.46	0.000	11.33748	17.2768

e. Leiðrétting.

Í neðanmálgrein á bls. 222 er vísað til þess að metið hefði verið hvort verð og verðsveiflur bensíns og dísilolíu á föstu verðlagi hafi breyst. Fyrir mistök er ávallt vísað í verð og verðsveiflur en átt er við álagningu og sveiflur á álagningu. Neðanmálgreinin hefði því átt að hljóða svo (strikað er yfir þau orð sem falla eiga út og ný orð skáletruð):

„Til þess að meta hvort að eldsneytisverð *álagning* hefði hækkað var ~~verð~~ *álagning* á bensíni og dísilolíu á föstu verðlagi ~~metið~~ *metin* sem fall af fasta og gervibreytu sem segir til um hvort að Atlantsolía hafi flutt inn eldsneyti eður ei. Stuðullinn við gervibreytuna var í báðum tilfellum marktækt jákvæður sem gefur til kynna ~~hærra~~ ~~verð~~ *hærra álagningu* eftir breytinguna. Í tilfelli bensíns hækkaði ~~verð~~ *álagning* um 4,75 kr. en 1,73 kr. í tilfelli dísilolíu. Notast var við Newey West staðalskekkjur sem taka tillit til allt að fjórðu gráðu sjálffylgni og misdreifni. Til þess að meta hvort dregið hefði úr verðsveiflum voru leifaliðirnir úr ofangreindu líkani settir í annað veldi og metnir sem fall af sömu breytum. Stuðullinn við gervibreytuna var marktækt neikvæður í tilfelli bensíns (-18,3 miðað við fasta uppá 26) en ómarktækur í tilfelli dísilolíu (1,5 miðað við fasta uppá 14,3). ~~Verðsveiflur~~ *Sveiflur á bensíni álagningu bensíns* minnkuðu því marktækt eftir breytinguna.“

Spurning 25

Kafli 7.1.1 fjallar að mestu um að merki séu um að staðbundin samkeppni hafi lagst af um mitt ár 2010 og möguleg áhrif þess. Þar segir m.a. að niðurstöður bendi til þess að álagning á eldsneyti í Reykjavík hafi ekki breyst eftir að þessi stefna var innleidd en hins vegar hafi dregið umtalsvert úr sveiflum, þrátt fyrir auknar sveiflur á innkaupsverði. Þá segir að stuðst sé við niðurstöður úr aðhvarfsgreiningu sem séu í samræmi við framangreint.

Óskað er upplýsinga um:

- Með hvaða vísitölu gögnin voru staðvirt?*
- Hvers vegna aðeins var skoðað 12 mánaða tímabil, fyrir og eftir breytinguna, en ekki t.d. 24 mánaða tímabil?*
- Hvort önnur lengri eða skemmri tímabil en miðað er við í skýrslunni hafi verið skoðuð?*
- Niðurstöður aðhvarfsgreininganna sem vísað er í á bls. 236 og 237.*

Svar:

- Notast var við mánaðarleg gildi vísitölu neysliverðs (grunnur frá 1988) til þess að staðvirða. Upphæðir eru staðvistar m.v. desember 2012.
- Sjá sömu sjónarmið og í svari við spurningu 24, b-lið. Nefna má sem dæmi að ef borin hefðu verið saman tvö ár, fyrir og eftir mitt ár 2010, þá hefðu almennar efnahagsaðstæður verið nokkuð frábrugðnar. Fyrri tímabilið hefði t.d. náð yfir efnahagshrunið haustið 2008. Jafnframt má færa rök fyrir því að 12 mánaða tímabil sé of langt í þessu tilfelli, sjá c-lið.
- Nei. Sjá einnig svör við b-lið.
Mögulegt er þó að í þessu tilfelli hafi eitt ár, fyrir og eftir að félögin fóru að bjóða upp á eitt verð á landinu, verið of langt tímabil. Meginástæða þess, eins og bent er á bls. 236 í frummatsskýrslunni, er sú að á árinu 2009 var álagning í sögulegu hámarki. Gæti það leitt til

Þess að meðaltalsálagning eitt ár fyrir þennan atburð sé ekki ákjósanlegt tímabil til samanburðar.

d. Niðurstöður aðhvarfsgreininganna sem vísað er í á bls. 236 og 237.

- a. Álagning á föstu verðlagi fyrir bensín sem fall af fasta og gervibreytu sem segir til um hvort eitt verð sé á öllu landinu eður ei (tekur gildið 1 eftir að olíufélögin hófu að bjóða upp á sama verð á öllu landinu):

```
. newey pet_md dummy_after, lag(4)

Regression with Newey-West standard errors      Number of obs   =       730
maximum lag: 4                                F( 1,          728) =       8.19
                                              Prob > F         =       0.0043
```

pet_md	Newey-West		t	P> t	[95% Conf. Interval]	
	Coef.	Std. Err.				
dummy_after	-1.511376	.5281604	-2.86	0.004	-2.548276	-.4744769
_cons	31.90394	.4242949	75.19	0.000	31.07096	32.73693

Mat á leifaliðum úr ofangreindu líkani í öðru veldi fall af fasta og gervibreytu sem segir til um hvort eitt verð sé á öllu landinu eður ei (tekur gildið 1 eftir að olíufélögin hófu að bjóða upp á sama verð á öllu landinu):

```
. newey res_pet dummy_after, lag(2)

Regression with Newey-West standard errors      Number of obs   =       730
maximum lag: 2                                F( 1,          728) =       5.41
                                              Prob > F         =       0.0202
```

res_pet	Newey-West		t	P> t	[95% Conf. Interval]	
	Coef.	Std. Err.				
dummy_after	-6.740172	2.896761	-2.33	0.020	-12.42717	-1.053169
_cons	16.37738	2.040108	8.03	0.000	12.37219	20.38258

- b. Álagning á dísilolíu sem fall af fasta og gervibreytu sem segir til um hvort eitt verð sé á öllu landinu eður ei (tekur gildið 1 eftir að olíufélögin hófu að bjóða upp á sama verð á öllu landinu):

```
. newey die_md dummy_after, lag(4)

Regression with Newey-West standard errors      Number of obs   =       730
maximum lag: 4                                F( 1,          728) =      35.22
                                              Prob > F         =       0.0000
```

die_md	Newey-West		t	P> t	[95% Conf. Interval]	
	Coef.	Std. Err.				
dummy_after	-3.170714	.5342508	-5.93	0.000	-4.21957	-2.121858
_cons	34.30576	.3273423	104.80	0.000	33.66312	34.94841

Mat á leifaliðum úr ofangreindu líkani í öðru veldi sem fall af fasta og gervibreytu sem segir til um hvort eitt verð sé á öllu landinu eður ei (tekur gildið 1 eftir að olíufélögin hófu að bjóða upp á sama verð á öllu landinu):

```
. newey res_die dummy_after, lag(2)

Regression with Newey-West standard errors      Number of obs   =       730
maximum lag: 2                                F( 1,          728) =       2.77
                                              Prob > F         =       0.0965
```

res_die	Newey-West		t	P> t	[95% Conf. Interval]	
	Coef.	Std. Err.				
dummy_after	5.576467	3.350412	1.66	0.096	-1.001156	12.15409
_cons	10.15921	1.491928	6.81	0.000	7.230216	13.0882

- c. Við endurútreikning á fyrrgreindum aðhvarfsgreiningum, og sem vísað er í í kafla 7.1.1 í skýrslunni, kom í ljós að mistök höfðu átt sér stað þegar útreikningarnir voru færðir inn í frummatsskýrsluna (réttir útreikningar eru því birtir hér að ofan). Fyrir mistök er

einnig ávallt vísað í verð og verðsveiflur í neðanmálgrein á bls. 236 en átt er við álagningu og sveiflur á álagningu.

Leiðir fyrrgreint til þess að texti í neðanmálgreininni hefði átt að hljóða svo (stríkað er yfir þau orð sem falla eiga út og ný orð skáletruð):

„Til þess að meta hvort að ~~eldsneytisverð~~ *álagning* hefði hækkað var ~~verð~~ *álagning* á bensíni og dísilolíu á föstu verðlagi, ~~kr./ltr.~~, ~~metið~~ *metin* sem fall af fasta og gervibreytu sem segir til um hvort stefnan um eitt verð var við lýði. Stuðullinn við gervibreytuna var ~~ómarktækur~~ *marktækt frábrugðinn frá núlli neikvæður* í tilfelli bensíns (-0,05 -1,5, miðað við fasta uppá ~~30,5~~ 31,9) en ~~í~~ og tilfelli dísilolíu (-1,5 -3,17 miðað við fasta uppá ~~32,6~~ 34,3). Dísilolíuverð var ~~því lægra~~ *eftir breytinguna*. ~~Bensín- og dísilolíuálagning var því lægri~~ *eftir breytinguna*. Notast var við Newey West staðalskekkiur sem taka tillit til allt að fjórðu gráðu sjálffylgni og misdreifni. Til þess að meta hvort dregið hefði úr sveiflum á álagningu voru leifaliðirnir úr ofangreindu líkani settir í annað veldi og metnir sem fall af sömu breytum. Stuðullinn við gervibreytuna var marktækt neikvæður í tilfelli bensíns (-9,7 -6,7 miðað við fasta uppá ~~18,5~~ 16,4) en ómarktækur í tilfelli dísilolíu (2,6 5,6 miðað við fasta uppá ~~18,5~~ 10,2). Sveiflur á álagningu bensíns lækkuðu því marktækt eftir breytinguna.“

e. Leiðrétting

Við endurútreikning á fyrrgreindum aðhvarfsgreiningum og þeim töflum í skýrslunni sem byggðu á sömu gögnum, tafla 40 og 41, kom í ljós að mistök höfðu átt sér stað þegar útreikningarnir voru færðir inn í frummatsskýrsluna. Hér á eftir eru því réttar töflur birtar.

Tafla 40.

Niðurstöður	Smásöluverð	Verð án skatta og tolla	Innkaupsverð	Álagning
Meðaltal				
Fyrir	219,36	107,92	76,06	31,90
Eftir	230,34	113,17	82,80	30,39
Breyting	10,98	5,25	6,74	-1,51
Staðalfrávik				
Fyrir	8,25	4,99	5,62	4,05
Eftir	16,23	12,09	11,64	3,11
Frávikshlutfall				
Fyrir	0,04	0,05	0,07	0,13
Eftir	0,07	0,11	0,14	0,10
Breyting	87%	131%	90%	-19%

Tafla 41.

Niðurstöður	Smásöluverð	Verð án skatta og tolla	Innkaupsverð	Álagning
Meðaltal (kr. /ltr.)				
Fyrir	215,44	112,29	78,02	34,31
Eftir	230,44	120,88	89,76	31,14
Breyting	15,00	8,59	11,75	-3,17
Staðalfrávik				
Fyrir	8,80	5,21	5,60	3,19
Eftir	17,97	13,35	11,84	3,97
Frávikshlutfall				
Fyrir	0,04	0,05	0,07	0,09
Eftir	0,08	0,11	0,13	0,13
Breyting	91%	138%	84%	37%

Leiðir það einnig til þess að texti í meginmáli í kafla 7.2.1 hefði átt að hljóða svo (strikað er yfir þau orð sem falla eiga út og ný orð skáletruð):

„Eftir að olíufélögin fóru að bjóða eitt verð á öllu landinu varð nánast engin breyting á álagningu á bensíni en hún lækkaði um 1,48 kr. í tilfalli dísilolíu lækkaði álagning um 1,5 krónu í tilfalli bensíns og um 3 krónur í tilfalli dísilolíu ef miðað er við verðlag ársins 2012. Athygli vekur að verulega dregur úr sveiflum á álagningu bensíns miðað við fráviksstuðul, eða um 31% 19%, á sama tíma og sveiflur á innkaupsverði jukust um 87% 90%. Sveiflur í álagningu á dísilolíu jukust hins vegar um 16% 37% en sveiflur í innkaupsverði þess jukust um 81% 84%. Miðað við hegðun félaganna hefði fyrirfram mátt búast við því að eftir því sem meiri breytileiki væri í innkaupsverði því meiri breytileika sýndi álagning félaganna en í kafla 7.2.2 kemur fram að þau svari ekki samstundis verðbreytingum á innkaupsverði. Eins og kemur fram í kafla 6.3 þá getur stöðug há álagning verið til marks um að markaðsbrestir séu til staðar.

Benda fyrrgreindar niðurstöður til þess að álagning á eldsneyti í Reykjavík hafi ekki breyst lækkað eftir að þessi stefna var innleidd en hins vegar dró umtalsvert úr sveiflum, þrátt fyrir auknar sveiflur á innkaupsverði, sbr. töflu 40. Það bendir til þess að stefna um eitt verð hafi getað auðvelda fyrirtækjunum að samhæfa hegðun sína. Hins vegar benda niðurstöðurnar til þess að álagning hafi verið lægri á seinna tímabilinu og því eru áhrif stefnunnar ekki einhlít. Þó þer að taka niðurstöðurnar um breytingu á álagi með fyrirvara en álagningin á árinu 2009 var í sögulegu hámarki. Jafnframt er rétt að benda á það að álagningin á árinu 2009 var í sögulegu hámarki og því má færa rök fyrir því að tímabilið fyrir stefnubreytinguna sé ekki ákjósanlegt til þess að miða álagninguna á seinan tímabilinu við.

Niðurstöður úr aðhvarfsgreiningu eru í samræmi við framangreindar niðurstöðu.“

Spurning 26

Í kafla 7.2.3 og viðauka C.2. er fjallað um verðleiðtogagreiningu. Í viðaukanum er m.a. fjallað um fyrri rannsóknir sem tengjast verðleiðtogagreiningu, þau gögn sem lágu til grundvallar, það líkan sem metið var og niðurstöður matsins.

Óskað er nánari upplýsinga um aðferðarfræði og tölfræðilegar niðurstöður sem töflur 7 og 8 í viðauka C.2. byggja á.

Svar: Það sem ekki kemur fram í viðauka C.2 og töflur 7 og 8 byggja á er hver skilgreining á frumkvæði að verðbreytingum er. Frumkvæði var skilgreint sem verðbreyting ef engin önnur verðbreyting hafði átt sér stað undanfarnar 48 klukkustundir, en eins og sjá má af töflunum var gerður greinarmunur á því hvort um væri að ræða hækkanir eða lækkanir.¹⁸ Í töflum 7 og 8 má því finna talningu á því hversu oft hvert olúfélag hefur frumkvæði að verðbreytingum m.v. fyrrgreinda skilgreiningu. Í neðanmálgrein 51 í viðauka C.2 er svo leitt út hverjar líkurnar eru á því að eitt félag hafi frumkvæði að verðbreytingu og svo að sama skapi líkurnar á því að tvö félög hafi frumkvæði að verðbreytingum.

Í töflum 7 og 8 kemur því fram hversu oft hvert og eitt olúfélag, eða vörumerki, hefur frumkvæði að verðbreytingum. Ef horft er til árána 2009-2012 í seinasta dálki í töflu 7 má sjá að Atlantsolía hefur frumkvæði að verðhækkunum í 6 skipti af samtals 100 verðhækkunum á tímabilinu, N1 hefur frumkvæði að verðhækkunum 24 sinnum, Olís 17 sinnum, ÓB 15 sinnum, Olís og ÓB 4 sinnum, Shell 27 sinnum og Orkan 7 sinnum. Í tilfelli Olís og Skeljungs selja fyrirtækin eldsneyti undir tveimur mismunandi vörumerkjum. Því er jafnframt reiknuð samtala verðbreytinga fyrir hvert fyrirtæki; 36 í tilfelli Olís og 34 í tilfelli Skeljungs.

Til þess að meta það hvort verðbreytingar væru marktækt færri eða fleiri en búast mætti við var notast við hermanir til þess að finna krítísk gildi fyrir áætlaða dreifingu frumkvæðisverðbreytinga. Núll-tilgátan var að líkurnar á því að hafa frumkvæði að verðbreytingum væru jafndreifðar, þ.e. $1/N$ þar sem N er fjöldi fyrirtækja.¹⁹ Hér að neðan má sjá það bil sem fjöldi verðbreytinga var talinn geta verið á m.v. niðurstöður hermunarinnar og ef miðað var við að fjöldinn mundi rúmast innan þess bils í 95% tilvika. Ef fjöldi verðbreytinga rúmaðist innan bilsins var ályktað sem svo að fjöldi verðbreytinga væri ekki marktækt frábrugðinn því ef hending hefði ráðið því hver hefði breytt verði.

¹⁸ Áhrif fjölda klukkustunda á niðurstöðurnar greininganna voru kannaðar, annars vegar m.v. 24 klst. og hins vegar m.v. 72 klst., en skilgreiningin hafði lítil sem engin áhrif á meginniðurstöður greininganna.

¹⁹ Tæknilegt útfærsluatriði: Í tilfelli Skeljungs og Olís hefðu getað komið upp tilfelli þar sem bæði vörumerkinn undir sama félagi (Shell og Orkan í tilfelli Skeljungs og Olís og ÓB í tilfelli Olís) hefðu breytt verði á sama tíma. Tekið var tillit til þess í hermuninni og því teljast líkurnar á því að hvert vörumerki leiði eitt verðbreytingar í hverju tilfelli vera $(1/6)*(15/16)$ samkvæmt núll-tilgátunni. Þetta eru líkurnar á að félag breyti verði að hverju sinni, að því gefnu að a) aðeins eitt vörumerki breyti verði eða b) aðeins vörumerki í eigu sama félags breyti verði samtímis. Líkurnar á að bæði vörumerki sama félags leiði verðbreytingar sameiginlega að gefnum sömu forsendum eru $(1/32)$. Í hermuninni var fjöldi tilfella sem eitthvert félag hafði frumkvæði að verðbreytingu tekinn sem gefinn. Notast var við 10.000 ítranir.

Fyrir bensín:

Frumkvæði að verðbreytingum eftir árum - bíl krítískra há- og lággilda					
	2009	2010	2011	2012	2009-2012
Hækkunar					
Atlantsoía	1 - 12	1 - 10	0 - 8	1 - 9	9 - 26
N1	1 - 12	1 - 10	0 - 8	1 - 9	9 - 26
Olís, þar af:	6 - 19	5 - 16	2 - 16	3 - 14	21 - 48
Olís	1 - 12	1 - 10	0 - 8	1 - 8	9 - 26
ÓB	1 - 12	1 - 10	0 - 8	1 - 8	9 - 26
Olís og ÓB	0 - 5	0 - 4	0 - 3	0 - 4	0 - 9
Skeljungur, þar af:	6 - 19	5 - 16	2 - 16	3 - 14	21 - 48
Shell	1 - 12	1 - 10	0 - 8	1 - 8	9 - 26
Orkan	1 - 12	1 - 10	0 - 8	1 - 8	9 - 26
Shell og Orkan	0 - 5	0 - 4	0 - 3	0 - 4	0 - 9
Samtals					
Lækkunar					
Atlantsoía	2 - 12	1 - 10	3 - 15	2 - 12	15 - 36
N1	2 - 12	1 - 10	3 - 16	2 - 12	15 - 36
Olís, þar af:	7 - 21	5 - 17	10 - 26	7 - 20	40 - 67
Olís	2 - 12	1 - 10	3 - 15	2 - 12	15 - 36
ÓB	2 - 12	1 - 10	3 - 16	2 - 12	15 - 36
Olís og ÓB	0 - 5	0 - 4	0 - 6	0 - 5	1 - 12
Skeljungur, þar af:	7 - 21	5 - 17	10 - 26	7 - 20	40 - 67
Shell	2 - 12	1 - 10	3 - 15	2 - 12	15 - 36
Orkan	2 - 12	1 - 10	3 - 16	2 - 12	15 - 36
Shell og Orkan	0 - 5	0 - 4	0 - 6	0 - 5	1 - 12

Fyrir dísilolíu:

Frumkvæði að verðbreytingum eftir árum - bíl krítískra há- og lággilda					
	2009	2010	2011	2012	2009-2012
Hækkunar					
Atlantsoía	1 - 12	1 - 10	0 - 8	1 - 9	9 - 26
N1	1 - 12	1 - 10	0 - 8	1 - 9	9 - 26
Olís, þar af:	6 - 19	5 - 16	2 - 16	3 - 14	21 - 48
Olís	1 - 12	1 - 10	0 - 8	1 - 8	9 - 26
ÓB	1 - 12	1 - 10	0 - 8	1 - 8	9 - 26
Olís og ÓB	0 - 5	0 - 4	0 - 3	0 - 4	0 - 9
Skeljungur, þar af:	6 - 19	5 - 16	2 - 16	3 - 14	21 - 48
Shell	1 - 12	1 - 10	0 - 8	1 - 8	9 - 26
Orkan	1 - 12	1 - 10	0 - 8	1 - 8	9 - 26
Shell og Orkan	0 - 5	0 - 4	0 - 3	0 - 4	0 - 9
Samtals					
Lækkunar					
Atlantsoía	2 - 12	1 - 10	3 - 15	2 - 12	15 - 36
N1	2 - 12	1 - 10	3 - 16	2 - 12	15 - 36
Olís, þar af:	7 - 21	5 - 17	10 - 26	7 - 20	40 - 67
Olís	2 - 12	1 - 10	3 - 15	2 - 12	15 - 36
ÓB	2 - 12	1 - 10	3 - 16	2 - 12	15 - 36
Olís og ÓB	0 - 5	0 - 4	0 - 6	0 - 5	1 - 12
Skeljungur, þar af:	7 - 21	5 - 17	10 - 26	7 - 20	40 - 67
Shell	2 - 12	1 - 10	3 - 15	2 - 12	15 - 36
Orkan	2 - 12	1 - 10	3 - 16	2 - 12	15 - 36
Shell og Orkan	0 - 5	0 - 4	0 - 6	0 - 5	1 - 12

Leiðrétting:

Þegar bornar eru saman fjöldi frumkvæðisverðbreytinga (lækkana) fyrir dísilolíu í töflu 8 í viðauka C.2. við bilin hér að ofan má sjá að merkingar á fjölda þeirra lækkana sem eru utan bilsins eru rangar í nokkrum tilfellum. Nýja töflu 8 má finna hér á eftir:

Frumkvæði að verðbreytingum eftir árum

	2009	2010	2011	2012	2009-2012
Hækkanir					
Atlantsólía	0	3	1	1	5
N1	1	10	12	10	33
Olís, þar af:	17	14	13	7	51
Olís	7	10	10	5	32
ÓB	10	3	2	0	15
Olís og ÓB	0	1	1	2	4
Skeljungur, þar af:	13	9	7	5	34
Shell	10	6	5	5	26
Orkan	3	3	2	0	8
Shell og O	0	0	0	0	0
Samtals	31	36	33	23	123
Lækkanir					
Atlantsólía	2	2	5	4	13
N1	8	4	20	11	43
Olís, þar af:	18	12	17	12	59
Olís	1	5	5	6	17
ÓB	16	5	10	5	36
Olís og ÓB	1	2	2	1	6
Skeljungur, þar af:	9	11	7	8	35
Shell	1	3	2	3	9
Orkan	8	8	5	5	26
Shell og O	0	0	0	0	0
Samtals	37	29	49	35	150

Breytingarnar hafa afleidd áhrif á töflu 44 í frummatsskýrslunni en þær ályktanir sem dregnar eru af þeim upplýsingum sem fram koma í töflunni breyta ekki niðurstöðu í kafla 7.2.3 í frummatsskýrslunni. Sjá má uppfærða töflu hér á eftir en dálknum fyrir lækkanir dísilolíuverðs í frumkvæðisgreiningunni var breytt til samræmis við það sem fram kom hér að framan:

Fyrirtæki	Frumkvæðisgreining				LF greining				Samantekt	
	Bensínverð		Dísilolíuverð		Bensínverð		Bensínverð		Eldsneytisverð	
	↑	↓	↑	↓	↑	↓	↑	↓	↑	↓
Atlantsólía	x	?	x	x	x	?	x	?	x	?
N1	?	✓	✓	✓	✓	✓	✓	?	✓	✓
Olís, þar af:	?	✓	✓	?	?	✓	?	?	?	?
Olís	?	?	✓	?	✓	x	✓	x	✓	x
ÓB	?	✓	?	✓	x	?	?	?	?	✓
Olís og ÓB	?	?	?	?					?	?
Skeljungur, þar af:	?	?	?	x						
Shell	✓	?	?	x	✓	x	✓	x	✓	x
Orkan	x	?	x	?	x	?	x	?	x	?
Shell og Orkan	?	?	?	x					?	x


✓: Verðleiðtogi x: Verðfylgjandi ? : Óvíst

Spurning 27

Á bls. 180 er fjallað sérstaklega um samband bensínverðs og ýmissa þátta (myndir 40-43) og bent á það að bensínverð á Íslandi sé í öllum tilfellum hærra en búast mætti við miðað við vænt gildi. Jafnframt er vísað til niðurstaðna aðhvarfsgreiningar sem gefi til kynna að teknu tilliti til fólksfjölda, landsframleiðslu á mann, þéttleika byggðar, gegnumstreymis á hverja eldsneytisstöð og þéttleika eldsneytisstöðva sé bensínverð á Íslandi rúmum fjórum krónum hærra en gera mætti ráð fyrir. Verðmunurinn sé hins vegar ekki marktækur og taka þurfi niðurstöðunum með fyrirvara.


Óskað er eftir upplýsingum um líkön og niðurstöður útreikninga aðhvarfsgreininganna sem að baki liggja.

Svar: Eins og fram kom í svari við spurningu 18 hér að framan er reiknivilla í verðsamanburðinum sem birtur er á mynd 35 en myndir 40 til 43 í frummatsskýrslunni byggja á sömu verðgögnum Finna má myndir með nýjum og réttum gögnum hér að neðan. Myndir 11 til 14 byggja aðeins á þeim samanburðarlöndum (OECD + Færeyjar) þar sem tryggt er að miðað er við verð án afslátta. Myndir 15-18 byggja á öllum löndunum í úrtakinu, óháð því hvort miðað er við verð án afslátt eða með afsláttum.




Mynd 11 Bensínverð (án afslátta) án skatta og opinberra gjalda og eldsneytisstöðvar á hverja 100.000 íbúa (meðaltal 2009-2012).²⁰


lítra (logarítmískur)



Mynd 12 Bensínverð (án afslátta) án skatta og opinberra gjalda og gegnumstreymi í milljónum lítra (logarítmískur skali á x-ás, meðaltal 2009-2012).²¹



Mynd 13 Bensínverð (án afslátta) án skatta opinberra gjalda og eldsneytisstöðvar á hverja 100.000 ferkílómetra (meðaltal 2009-2012).²²




Mynd 14 Bensínverð (án afslátta) án skatta og opinberra gjalda og gegnumstreymi á hverja eldsneytisstöð (meðaltal 2009-2012).²³

²⁰ Meðalverð í hverju landi án skatta og annarra opinberra gjalda fyrir árin 2009-2012. Fjöldi eldsneytisstöðva á hverja 100.000 íbúa byggir á meðalfjölda eldsneytisstöðva árin 2009-2012 deilt með meðalíbúafjölda árin 2009-2012. Í nokkrum tilvikum var ekki hægt að finna tölur um fjölda eldsneytisstöðva á árunum 2009 til 2012. Í þeim tilvikum var notast við fjölda eldsneytisstöðva árin 2013 eða 2014. Talið var að það gæfi nægjanlega glögga mynd þar sem fjöldi þeirra breytist hlutfallslega lítið á milli ára.


²¹ Meðalverð í hverju landi án skatta og annarra opinberra gjalda fyrir árin 2009-2012. Gegnumstreymi er meðaltal heildarsölu bensíns og dísilólíu í hverju landi fyrir sig árin 2009-2012

²² Meðalverð í hverju landi án skatta og annarra opinberra gjalda fyrir árin 2009-2012. Fjöldi eldsneytisstöðva á hverja 100.000 ferkílómetra byggir á meðalfjölda eldsneytisstöðva árin 2009-2012 deilt með flatarmáli viðkomandi lands. Í nokkrum tilvikum var ekki hægt að finna tölur um fjölda eldsneytisstöðva á árunum 2009 til 2012. Í þeim tilvikum var notast við fjölda eldsneytisstöðva árin 2013 eða 2014. Talið var að það gæfi nægjanlega glögga mynd þar sem fjöldi þeirra breytist hlutfallslega lítið á milli ára.


²³ Meðalverð í hverju landi án skatta og annarra opinberra gjalda fyrir árin 2009-2012. Gegnumstreymi eldsneytisstöðva byggir á heildarsölu árið 2012 deilt meðalfjölda eldsneytisstöðva árin 2009-2012. Í nokkrum tilvikum var ekki hægt að finna tölur um fjölda eldsneytisstöðva á árunum 2009 til 2012. Í þeim tilvikum var notast við fjölda eldsneytisstöðva árin 2013 eða 2014. Talið var að það gæfi nægjanlega glögga mynd þar sem fjöldi þeirra breytist hlutfallslega lítið á milli ára.




Mynd 15 Bensínverð án skatta og opinberra gjalda og fjöldi eldsneytisstöðva á hverja hverja 100.000 íbúa (meðaltal 2009-2012).²⁴



Mynd 16 Bensínverð án skatta og opinberra gjalda og gegnumstreymi í milljónum lítra (lógaríthmískur kali á x-ás, meðaltal 2009-2012).²⁵



Mynd 17 Bensínverð án skatta og opinberra gjalda og eldsneytisstöðvar á hverja 100.000 ferkílómetra (meðaltal (meðaltal 2009-2012)).²⁶



Mynd 18 Bensínverð án skatta og opinberra gjalda og gegnumstreymi á hverja eldsneytisstöð (meðaltal 2009-2012).²⁷

²⁴ Meðalverð hvers lands án skatta og annarra opinberra gjalda fyrir árin 2009-2012. Birt eru verð allra landanna óháð því hvort verð er gefið upp með eða án afsláttá. Fjöldi eldsneytisstöðva á hverja 100.000 íbúa byggir á meðalfjölda eldsneytisstöðva árin 2009-2012 deilt með meðalíbúafjölda árin 2009-2012. Í nokkrum tilvikum var ekki hægt að finna tölur um fjölda eldsneytisstöðva á árunum 2009 til 2012. Í þeim tilvikum var notast við fjölda eldsneytisstöðva árin 2013 eða 2014. Talið var að það gæfi nægjanlega glögga mynd þar sem fjöldi þeirra breytist hlutfallslega lítið á milli ára.

²⁵ Meðalverð hvers lands án skatta og annarra opinberra gjalda fyrir árin 2009-2012. Birt eru verð allra landanna óháð því hvort verð er gefið upp með eða án afsláttá. Gegnumstreymi er heildarsala bensíns og dísilólíu í hverju landi fyrir sig árin árið 2012.

²⁶ Meðalverð hvers lands án skatta og annarra opinberra gjalda fyrir árin 2009-2012. Birt eru verð allra landanna óháð því hvort verð er gefið upp með eða án afsláttá. Fjöldi eldsneytisstöðva á hverja 100.000 ferkílómetra byggir á meðalfjölda eldsneytisstöðva árin 2009-2012 deilt með flatarmáli viðkomandi lands. Í nokkrum tilvikum var ekki hægt að finna tölur um fjölda eldsneytisstöðva á árunum 2009 til 2012. Í þeim tilvikum var notast við fjölda eldsneytisstöðva árin 2013 eða 2014. Talið var að það gæfi nægjanlega glögga mynd þar sem fjöldi þeirra breytist hlutfallslega lítið á milli ára.

²⁷ Meðalverð hvers lands án skatta og annarra opinberra gjalda fyrir árin 2009-2012. Birt eru verð allra landanna óháð því hvort verð er gefið upp með eða án afsláttá. Gegnumstreymi eldsneytisstöðva byggir á

Þar sem niðurstöður aðhvarfsgreiningarinnar sem birtist á bls. 180 í frummatsskýrslunni byggðu einnig á fyrrgreindum gögnum var hún framkvæmd aftur á grunni nýrra gagna sem aflað var og lýst er hér að framan. Þess ber að geta að greiningin byggir aðeins á gögnum fyrir þau lönd þar sem fyrir lá hvort uppgefið verð án skatta og annarra opinberra gjalda var með eða án afslátta. Einnig ber að geta þess að 41% mælinganna fyrir fjölda eldsneytisstöðva (sem hafði svo áhrif á útreikninga á gegnumstreymi á hverri stöð) vantaði. Til þess að bregðast við því var notast við margendurtekna innsetningar (e. multiple imputation) til þess að meta línulega líkanið.²⁸ Notast var við 200 innsetningar við matið á líkaninu.²⁹

Lýsing	Ár					
	2009	2010	2011	2012	2009-2012	
Óháðar breytur	Heimsmarkaðsverð (kr. / ltr.)	2,02 (1,95)	3,5 (1,30)	2,54 (0,83)	1,00 (0,68)	1,04*** (0,04)
	Mannfjöldi (millj.)	-0,04* (0,02)	-0,06*** (0,02)	-0,07*** (0,02)	-0,07*** (0,01)	-0,05*** (0,01)
	VLF á mann(millj. króna)	0,97 (0,80)	1,40* (0,61)	2,72*** (0,65)	2,34** (0,72)	1,62** (0,52)
	Þéttleiki mannfjölda (mannfj. / flatarmál lands)	0,01 (0,01)	0,01 (0,01)	0,02 (0,02)	0,02 (0,02)	0,01 (0,01)
	Gegnumstreymi á stöð (millj. lítra)	-1,19 (1,10)	-1,80 (0,85)	-3,45*** (0,84)	-3,34*** (0,99)	-2,11** (0,69)
Gervibreytur (D)						
	Verð með afslætti (D=1)	-0,34 (3,89)	0,44 (2,93)	1,3 (3,14)	-2,9 (3,73)	-1,03 (2,84)
	Ísland (D=1)	8,33 (4,89)	5,87 (4,10)	5,83 (4,35)	5,72 (5,03)	6,35 (3,97)
Fasti		-36,64 (106,58)	-148,19 (87,60)	-112,24 (71,73)	22,54 (67,08)	18,17*** (4,00)
Annað						
	Fjöldi mælinga	26	26	26	26	104
	F-gildi (allir stuðlar jafnir núlli)	13***	25***	44***	35***	197***

Marktækni stuðla er birt á eftirfarandi hátt: *** $p < 0,005$, ** $p < 0,01$ og * $p < 0,05$

Marktækni stuðla er miðuð við skilvirk (e. robust) staðalfrávik þar sem tekið er tillit til misdreifni (fyrir öll árin) og fylgni á milli mælinga hvers lands (árin 2009-2012).

Staðalfrávik birt í sviga.

Eins og sjá má af niðurstöðunum er matið á gervibreytunni fyrir Ísland á bilinu 5,7-8,3 krónur en ekki marktækt frábrugðið frá núlli í neinu tilviki. Formerki þeirra breyta sem mælast marktækar benda til

heildarsölu árið 2012 deilt meðalfjölda eldsneytisstöðva árin 2009-2012. Í nokkrum tilvikum var ekki hægt að finna tölur um fjölda eldsneytisstöðva á árunum 2009 til 2012. Í þeim tilvikum var notast við fjölda eldsneytisstöðva árin 2013 eða 2014. Talið var að það gæfi nægjanlega glögga mynd þar sem fjöldi þeirra breytist hlutfallslega lítið á milli ára.

²⁸ Sjá nánari umfjöllun um aðferðarfræðina í Schenker, N., and J. M. G. Taylor. 1996. Partially parametric techniques for multiple imputation. *Computational Statistics & Data Analysis* 22: 425–446.

²⁹ Það líkan sem notað var til þess að meta gegnumstreymi í gegnum hverja eldsneytisstöð (sem er ein af óháðu breytunum í aðhvarfsgreiningunni) var eftirfarandi: gegnumstreymi var metið sem fall af bensínverði, innkaupsverði, mannfjölda, VLF á mann, þéttleika mannfjölda, gervibreytu fyrir Ísland, gervibreytu ef um var að ræða lönd þar sem eldsneytisverð var gefið upp með afsláttum og gervibreytum fyrir hvert og eitt land í úrtakinu.

Þess að eldsneytisverð sé lægra þar sem íbúar eru margir, hærra í löndum þar sem landsframleiðsla á mann er há og lægra þar sem gegnumstreymi hveggjar eldsneytisstöðvar er mikið. Stuðullinn fyrir innkaupsverð er ekki marktækt frábrugðinn frá núlli þegar jafnan er metin fyrir hvert og eitt ár. Ástæðu þess má líklega rekja til þess að einungis reyndist mögulegt að afla heimsmarkaðsverðs fyrir alla Evrópu (NW Europe), alla Ameríku (USA) og alla Asíu (Singapore). Þar af leiðandi skýrir mismunandi heimsmarkaðsverð, m.v. mismunandi álfur, lítinn hluta af smásöluverðinu þegar aðeins er horft á eitt ár í einu. Eins og kemur fram á bls. 180 í frummatsskýrslunni ber að taka niðurstöðunum með fyrirvara. Í fyrsta lagi eru samkeppnisaðstæður mismunandi á milli landa eins og því segja niðurstöðurnar ekki til um hvert eðlilegt verð á Íslandi ætti að vera. Í öðru lagi eru fleiri þættir sem hafa áhrif á eldsneytisverð en tekið var tillit til í greiningunni. Í þriðja lagi eru aðstæður í fáum löndum svipaðar og á Íslandi en spáskekka línulegra líkana er að jafnaði mest á jöðrunum.